



# FRÉTTABLAÐIÐ

206. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIDVIKUDAGUR 20. OKTÓBER 2021



Ingi Tryggvason mætti eldsnemma í gærmorgun til að rjúfa innsiglið á fangaklefanum þar sem allir kjörseðlar Norðvesturkjördæmis hafa verið geymdir. Voru ónotaðir kjörseðlar taldir að nefndar-  
mönnum undirbúningsnefndar viðstöddum sem fylgdust grannt með að enginn laumusedill hefði endað á röngum stað. **SIÁ SIÐU 6**

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Þrjú árgangar læra heima vegna smits

Tekin hefur verið upp fjar-  
kennsla í þremur árgöngum  
í Háteigsskóla. Um 40 nem-  
endur skólans eru í sóttkví,  
þar af fjórðungur í einangrun.

mhj@frettabladid.is  
arnartomas@frettabladid.is

**COVID-19** Tugir nemenda í þremur  
árgöngum Háteigsskóla eru í sóttkví  
eða einangrun eftir að smit greind-  
ust meðal óbólusettra nemenda í  
fjórða, fimmta og sjötta bekk skólans.  
Fimmti bekkur skólans mun  
líklega þurfa að vera í sóttkví fram  
yfir vetrarfrí. Auk nokkurra kenn-  
ara eru þetta um fjórutíu börn og  
um fjórðungur þeirra er í einangrun.

„Það sem gerist í raun og veru  
er það sem Þórólfur hefur itrekað  
sagt og það er að börnin smita. Þau  
smita hvert annað. Þetta byrjaði að  
sýna sig vegna þess að það voru for-  
eldrar að veikjast af Covid og þá fóru  
heimilin í skimun. Þá kom í ljós að  
eitt barn var með mótefni og enginn  
hafði vitað af því að það hefði fengið  
Covid. Þannig rúllar þetta af stað,“  
segir Arndís Steinþórsdóttir, skóla-  
stjóri Háteigsskóla.

Hefðbundin kennsla í þessum  
árgöngum hefur verið felld niður  
en Arndís segir að fjarkennsla sé í  
gangi. „Við erum að verða nokkuð  
æfð í þessu að vippa okkur yfir á  
netið og setja í fjarkennslu,“ segir  
hún. Nemendur í fjórða og sjötta

bekk komi úr sóttkví í vikunni en  
nemendur í fimmta bekk verði hins  
vegar í sóttkví fram yfir vetrarfrí.

„Þetta dreifir sér greinilega hratt  
á meðal krakkanna. Það er alveg  
greinilegt,“ bætir Arndís við. Sótt-  
vörnum sé að sjálfsögðu fylgt í skól-  
anum en erfitt geti verið fyrir yngri  
börnin að fylgja þeim reglum. „Við  
höldum uppi sóttvörnum í skól-  
anum en auðvitað ráðum við ekki  
við neitt ef eitthvað fer af stað,“  
segir hún og bætir við: „Við eigum  
eftir að vera í þessu í svona tvö ár í  
viðbót.“

Helgi Grímsson, sviðsstjóri  
skóla- og frístundasviðs Reykja-  
víkurborgar, segir mikið áhyggju-  
efni að stærsti hluti landsmanna



**Við höldum uppi  
sóttvörnum í skólanum  
en auðvitað ráðum við  
ekki við neitt ef eitt-  
hvað fer af stað.**

Arndís Steinþórsdóttir, skóla-  
stjóri Háteigsskóla

í einangrun séu börn á aldrinum  
sex til tólf ára. „Það gleymist svo oft  
í umræðunni þegar við ætlum að  
minnka takmarkanir að skólarnir  
okkar eru margir hverjir að glíma  
við þrálát smit,“ segir hann.

Helgi nefnir sem dæmi að í Norð-  
lingaskóla hafi frá því í september  
verið sjö sinnum farið í rakningu  
og mörg börn itrekað farið í sóttkví.

„Delta-afbrigðið sem við erum  
að eiga við núna er meira smitandi  
en áður og getur verið lúmskt þar  
sem börn finna fyrir svo litlum  
einkennum,“ segir Helgi. „Smit eru  
fátíðari í leikskólum og á unglings-  
stigi en það er töluvert flækjustig  
núna í þessum aldurshópi. Þetta er  
í sumum skólum mun þyngri staða  
en hefur áður komið upp í þessum  
faraldri.“

Áttatíu greindust með kórón-  
aveiruna innanlands í gær. Ekki  
hafa fleiri greinst á einum degi síðan  
í lok ágúst. ■

## Nú geturðu tryggt þitt fyrirtæki fyrir netárásam

Með **Netöryggistryggingu TM** er þitt fyrirtæki verndað gegn fjárhagslegu tapi  
í kjölfar netárásar, gagnaleka eða auðkennisþjófnaðar. **Kynntu þér málið á [tm.is](https://tm.is).**

# TM

Hugsum í framtíð





Freyja var smíðuð í Suður-Kóreu árið 2010. MYND/LGH

## Freyja orðin grá og glæsileg

benediktboas@frettabladid.is

**LANDHELGISGÆSLAN** Varðskipið Freyja er komið í gráam lit Landhelgisgæslunnar en skipið fór í prófanir í Rotterdam í Hollandi í síðustu viku og var tekið í slipp að því loknu. Prófanirnar gengu vel, að sögn Ásgeirs Erlendssonar, upplýsingafulltrúa Landhelgisgæslunnar.

Í slippnum var skipið málað í hinum rómaða gráa lit Gæslunnar. Gert er ráð fyrir afhendingu Freyju um og eftir 24. október og hefst heimsigling frá Hollandi nokkrum dögum síðar. Búist er við því að Freyja komi til Siglufjarðar þann 6. nóvember þar sem skipið mun eiga sína heimahöfn.

Varðskipið Freyja er 86 metra langt og 20 metra breitt og kostaði um 1,7 milljarða króna. ■

## Egilshöll í sparibúning Leynilöggu



Kvikmyndin Leynilögga var frumsýnd við hátíðlega athöfn í Egilshöll í gærkvöldi. Hér má sjá nokkra af aðalleikurum og leikstjóranum stilla sér upp með bros á vör enda ekki á hverjum degi sem bímynd er frumsýnd. Hugmyndin að myndinni fæddist í sjónvarpsþætti Audda og Sveppa árið 2011 en hún er sýnd í tveimur útgáfum. Þeirri upprunalegu sem er bönnuð innan sextán og mildari útgáfu sem fleiri geta séð. SJÁ Síðu 24 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Vilja banna veiðar á rjúpu vegna hruns

ser@frettabladid.is

**VEIÐI** „Höfum staðreyndir á hreinu, vorstofn rjúpu 2018 var 293 þúsund fuglar. Sami stofn 2019 var 228 þúsund fuglar. Vorstofninn í fyrra var 99 þúsund fuglar. Og núna í vor er hann 69 þúsund fuglar. Þessar tölur þýða að stofninn hefur hrundið á síðustu fjórum árum,“ segir Ole Anton Bieltdvedt, formaður Jarðarvina sem berjast fyrir dýravernd á landinu.

„Þess vegna ber, lögum samkvæmt, að banna veiði í haust,“ segir Ole Anton, en Jarðarvinir sendu umhverfisráðherra áskorun þess efnis á mánudag. Ráðherra hefur ekki ákveðið hver veiðin verði í vetrarbyrjun, en hann biður minnisblaðs frá Umhverfisstofnun sem ráðleggur honum í þeim efnum.

Ole segir að nýjar tölur Náttúrufræðistofnunar sýni að rjúpnastofn-



Ole Anton Bieltdvedt

inn mælist nú minni en á árinu 2002 þegar páverandi umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, afreð að banna veiði á fuglinum til þriggja ára vegna lítillar stofnstærðar.

„Þetta er minnsti stofn frá því mælingar hófust 1995,“ bendir Ole Anton á, „40 þúsund fuglum minni en þegar Siv ákvað veiðibann á grundvelli ráðgjafar frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Hér vantar því allt samræmi,“ segir formaður Jarðarvina. SJÁ Síðu 14

## Færast í aukana að fólk skipuleggi sína eigin útför

Aukist hefur að einstaklingar skrái niður óskir sínar er varða þeirra eigin útför. Framkvæmdastjóri Útfararstofu kirkjugarðanna segir slíkt geta létt aðstandendum undirbúninginn. Prestur á líknardeild segir samtalið um dauðann geta gefið ákveðinn létti.

birnadrofn@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Færst hefur í aukana að einstaklingar skrái sinn hinsta vilja varðandi útfarir hjá Útfararstofu kirkjugarðanna. Á heimasíðu Útfararstofunnar má nálgast eyðublað þar sem hægt er að fylla inn óskir varðandi athöfnina sjálfa, hvort óskað sé eftir bálför eða jarðarför, hvers konar kistu og skreytingar viðkomandi vill og hvort viðkomandi vilji klæðast eigin fatnaði eða líkkleðum.

Upplýsingarnar eru varðveittar hjá Útfararstofu kirkjugarðanna og verða svo aðgengilegar nánustu aðstandendum þegar viðkomandi einstaklingur deyr. Guðný Hildur Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Útfararstofu kirkjugarðanna, segir viljayfirlýsinguna geta létt nánustu ættingjum undirbúning útfarinnar.

„Það getur verið mjög hjálplegt fyrir aðstandendur að vita hvað sá sem þau hafa misst vildi og þetta getur jafnvel orðið til þess að forðast ýmis ágreiningsefni,“ segir Guðný. „Svo er misjafnt hversu miklar upplýsingar fólk skilur eftir, sum taka bara fram hvort þau vilji bálför eða greftrun á meðan aðrir eru búnir að útfæra alla útförina,“ bætir hún við. „Það er einnig algengt að einstaklingar komi til okkar við undirbúning útfarar og segi okkur fá því hvað sá eða sú sem þau hafa



Fólk getur meðal annars skráð hvort það vilji láta brenna sig eða greftra og hvort það vilji vera jarðað í líkkleðum eða eigin fatnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, prestur á líknardeild Landspítala



Guðný Hildur Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Útfararstofu kirkjugarðanna

misst hafi viljað varðandi útför þó að það hafi ekki verið skráð niður. Það virðist aðeins vera að opnast á þessa umræðu um dauðann í samfélaginu,“ segir Guðný.

Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, prestur á líknardeild Landspítala, tekur undir orði Guðnýjar og segir að sem betur fer sé umræðan um dauðann að aukast og að fólk hafi leyfi til þess að tjá óskir sínar varðandi útfarir og aðra þætti honum tengda.

Á líknardeildinni segir Guðlaug Helga að sjúklingar séu hvattir til þess að ræða dauðann og það sem fram undan sé við sína nánustu. Sumir kjósi að fá aðstoð frá Guð-

laugu Helgu við það að hefja samtalið en aðrir geri það að eigin frumkvæði.

„Þegar fólk svo leyfir sér að stíga þetta skref þá upplifir það oft mikinn létti,“ segir Guðlaug Helga. Hún segir aðstandendur þeirra sem standa frammi fyrir dauðanum marga hafa hugann við það sem fram undan er, því geti verið gott að ræða næstu skref.

„Það getur verið mjög hjálplegt fyrir aðstandendur að vita hvað viðkomandi vill varðandi útför og aðra praktíska hluti en ekki síður að eiga samtalið um þetta við sinn veika aðstandenda því dauðinn er jú hluti aflifinu,“ segir Guðlaug Helga. ■

**HREKKJAVAKAN NÁLGAST...**

**PARTYBÚÐIN**

Faxafeni 11 • Sími 534 0534 • www.partybudin.is



ICELANDAIR



Loksins opna

Bandaríkin!



## Hlaðborð heimsborga

Frá 8. nóvember býðst okkur loksins að ferðast aftur til Bandaríkjanna. Hvort sem þú heillast af söngleikjum í New York, jólaverslun í Boston, matarævintýri í Seattle eða sögustund í Washington þá er létt að finna sér tækifæri til þess að njóta.

Veldu þér borg og finndu þína ferð á [icelandair.is](http://icelandair.is)



# Enginn þingmaður milli Flúða og Fáskrúðsfjarðar

bth@frettabladid.is

**ALÞINGI** Samkvæmt lögheimilaskrá landskjörstjórnar og úthlutun þingsæta til frambjóðenda í byrjun mánaðarins er dreifing þingmanna nokkuð ójöfn milli landshluta og svæða.

Ef vestasti hluti Suðurlands er skilgreindur sem nágrenni höfuð-

borgarsvæðisins búa þéttari byggðir á suðvesturhorninu yfir fimmtíu þingmönnum. Þá eru eftir þrettán þingmenn sem standa þess utan.

Tveir þingmenn eru með lögheimili á Vestfjörðum. Einn býr á Hólum og annar á Sauðárkróki. Atta þingmenn búa á svæðinu frá Fjallabyggð til Fáskrúðsfjarðar. Enginn er milli Flúða og Fáskrúðsfjarðar.



Bjarkey Gunnarsdóttir, þingmaður VG, vildi sjá fleiri dreifbýlisþingmenn

Bjarkey Gunnarsdóttir, þingmaður VG, búsett í Fjallabyggð, segist alltaf hafa talað fyrir auknu vægi atkvæða í dreifðum byggðum, ekki sist vegna þjónustuskorts.

Mikilvægt sé af þeim sökum að dreifðu byggðirnar fjarri höfuðborgarsvæðinu eigi þingfulltrúa.

„Ég hefði viljað sjá fleiri þingmenn eftir þessar kosningar úr

dreifðum byggðum,“ segir hún.

Bjarkey segir að í sínu kjördæmi, Norðausturlandskjördæmi, þyki ekki vinsælt að bjóða sig fram ef frambjóðandinn sé ekki með fasta búsetu í kjördæminu.

Fólkið vilji tengingu þegar það kys. Eigi að síður hafi Jakob Frimann náð kjöri þannig að ekkert sé algilt. ■

## Enginn munur á orðræðu þá og nú

thk@frettabladid.is

**MENNING** Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, sagði í Fréttavaktinni á Hringbraut í gær að niðurstaða fræðimannanna væri að nútímavæðing Íslands og velsæld Íslendinga á hverju tímabili í sögunni fyrir sig byggði fyrst og fremst á samskiptum við útlönd. Samskiptin við útlönd stýri því nútímavæðingunni og velsæld Íslendinga.

Í viðtalinu ræddi Baldur um nýja bók sem hann, ásamt meðhöfundum hans, gáfu út nýverið.



Baldur Þórhallsson

Hún ber heitið Iceland's shelter-seeking behaviour: From settlement to republic. Þar kanna höfundarnir hvort Íslendingar hafi vanmetið mikilvægi alþjóðasamskipta í sögu þjóðarinnar.

Þrátt fyrir þetta eigi Evrópusambandið ekki upp á pallborðið hjá Íslendingum: „Það held ég að sé komið til vegna orðræðunnar okkar um hvar valdið liggur,“ segir Baldur. Hann segir lítinn sem engan mun á orðræðu andstæðinga þriðja orkupakkans eða andstæðinga inngöngu Íslands í NATO árið 1949. Innihaldið sé það sama.

Baldur segir að ákveðins misskilnings gæti í umræðunni: „Við þekkjum ekki aðra orðræðu og hún virkar svo við höldum okkur við hana.“

Við höldum að við höfum alltaf verið einangruð eyþjóð í gegnum aldirnar, en við höfundar bókarinnar höldum því fram að það sé misskilningur. ■

# Arngrímur og Sjóvá neita allri ábyrgð

Arngrímur Jóhannsson flugstjóri þvertók fyrir að hafa flogið án þess að sjónflugskilyrði væru fyrir er hann brotlenti í Barkárdal 2015 með þeim afleiðingum að Kanada- maður lést. Eins og Arngrímur hafnar Sjóvá ábyrgð og efast um rétt ekkunnar í málinu.

gar@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð fór fram í gær í Héraðsdómi Reykjavíkur í bótakröfumálum ekkju og barna Kanadamannsins Grants Wagstaff sem lést í flugslysi í Barkárdal 9. ágúst 2015.

Grant Wagstaff var ráðinn til að ferja flugvél í eigu Arngríms Jóhannssonar frá Íslandi til Bandaríkjanna. Arngrímur flaug vélinni frá Akureyri áleiðis til Keflavíkur. Eftir að hafa árangurslaust leitað uppgöngu úr Öxnadal og síðar Hörgárdal flaug Arngrímur inn í Barkárdal þar sem vélin brotlenti.

Arngrímur lýsti því í dómsal í gær að þeir Grant hefðu báðir lifað brotlendinguna af. Einhverra hluta vegna hefði Grant hins vegar verið kominn aftur fyrir sætin sem þeir höfðu setið í. Kviknaði hefði í vélinni.

„Ég sagði við Grant: Fire, fire! Get out!“ lýsti Arngrímur áfram. Hann hafi sjálfur komist út úr brennandi flakinu hægra megin, þar sem félagi hans hafði setið. Grant auðnaðist hins vegar ekki að komast út úr vélinni sem Arngrímur segir að hafi orðið alelda. Allt þetta hafi tekið mikið á hann.

Lögmaður ekkju Grants, María Hrönn Guðmundsdóttir, og lögmaður barna þeirra hjóna, Jón Páll Hilmarsson, sögðu engan vafa á því að Arngrímur hefði sýnt af sér stórfellt gáleysi sem leitt hefði til slyssins og andláts Grants.

Sagði María Hrönn það hafa aukid á miska ekkjunnar að hugsa til þess að maður hennar hefði



Arngrímur Jóhannsson, ásamt Friðriki Smárasyn lögmanni sínum og Kristínu Edwald, lögmanni Sjóvá, í dómsal.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

Ég sagði við Grant: Fire, fire! Get out!

Arngrímur Jóhannsson, flugstjóri

verið fastur í logandi vélinni.

Lögmaður Arngríms, Friðrik Smárasyn, og lögmaður Sjóvá, Kristín Edwald, sögðu hins vegar ljóst að þeir Grant og Arngrímur hefðu tekið allar ákvarðanir varðandi flugið í sameiningu. Ekkert sagnæmt hefði átt sér stað og ekkert gáleysi verið sýnt. „Þetta var slyss, hræðilegt slyss,“ sagði Kristín.

Tveir dómkvaddir matsmenn, sem svarað höfðu spurningum lögmannanna í greinargerð, mættu í dómsal og svöruðu þar spurningum. Niðurstaða þeirra var að komið hefðu upp gangtruflanir í vélinni þegar í Barkárdal var komið vegna

svokallaðrar blöndungsísingar. Arngrímur sagði það einmitt hafa verið hættuna á slíku sem hefði orðið til þess að hann sneri við í Öxnadal og síðar úr Hörgárdal.

Arngrími var bent á að samkvæmt mati Veðurstofu Íslands þennan dag hefði ekki verið fært fyrir sjónflug milli landshluta á Norðurlandi. „Ég bara mótmæli því. Veðrið þarna var gott,“ svaraði Arngrímur.

Flugmaður á Akureyri sagði frá leitarflugi sem hann fór í eftir að vélar Arngríms var saknað. Þá hefði verið sjónflugsskilyrði á svæðinu. Hann hefði meðal annars flogið inn í Barkárdal en þá ekki komið auga á flak vélarinnar sem brotlent hafði í yfir tvö þúsund feta hæð.

Sérstakt atriði sem tekist hefur verið á um í málinu er hvort Grant Wagstaff hafi verið svokallaður Pilot Not Flying, eins konar aðstoðarflugmaður, í fluginu orlagarika eða einfaldlega farþegi.

Matsmennirnir sögðu engan annan flöt á því máli en að Grant hefði verið hefðbundinn farþegi. Það stangast hins vegar á við skilgreiningu Rannsóknarnefndar

samgönguslysa á stöðu Kanadamannsins. Þessari síðari skilgreiningu hélt lögmaður Sjóvá á lofti. Þar með væri ekki hægt að gera kröfu í ábyrgðartryggingu vélarinnar vegar Grants því hún fæli aðeins í sér tryggingu fyrir Arngrím einan sem flugmann.

Þá sagðist Kristín Edwald mótmæla því að Grant hefði í raun haft framfærsluskyldu gagnvart Roslyn Wagstaff, eiginkonunni sem hann lét eftir sig. Ekki væri sannað að þau hefðu enn búið saman. Lögmaður ekkjunnar benti hins vegar á að Roslyn væri einmitt sú sem hefði fengið líftryggingu Grants ytra og færi fyrir dánarbúi hans.

Lögmaður Arngríms krafðist sýknu fyrir hans hönd en til vara að fjárkröfurnar yrðu lækkaðar. Þær nema samtals hátt í 90 milljónum króna. Benti hann á að Arngrímur hefði sjálfur lent í slysinu, hlotið varanlega líkamlega og andlega áverka og væri nú orðinn 81 árs.

„Hann er greindur með áfallastreituröskun og mun bera þess merki alla tíð,“ sagði Friðrik Smárasyn. ■

## VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna. Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.



Hästens   
since 1852

Betra  
BAK

HÄSTENS VERSLUN  
Faxafeni 5, Reykjavík  
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI  
Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16  
www.betrabak.is



# HUMAR TEMPURA TACOS

## Orly-deig

- 300 g hveiti
- 1 ½ tsk lyftiduft
- 1 ½ tsk salt
- 330 ml Pilsner
- 2 stk egg
- 3 msk ólífuolía

1. Blandið öllum hráefnum saman í skál og pískið þar til jafningur hefur myndast, geymið í kæli á meðan annað er undirbúið en að minnsta kosti í 30 mínútur.

## Hrásalat

- 200 g rauðkál, niðurskorið (fint)
- 2 msk kóríander, saxaður
- ½ rauðlaukur, niðurskorinn (fint)
- 100 g Hellmann's majónes
- ½ tsk salt
- 1 msk sykur

1. Blandið öllum hráefnum saman með sleif og geymið í kæli fram að notkun.

## Humar fyrir orly-deig

- Um 700 g skelflettur humar (fæst í næsta stórmarkaði)
- Salt, pipar og hvítlauksduft
- Steikingarolía (um 700 ml)

1. Skolið og þerrið humarinn, kryddið með salti, pipar og hvítlauksdufti.
2. Setjið humarinn ofan í orly-deigið og veltið um með sleif þar til allir bitar eru hjúpaðir deigi.
3. Hitið steikingarolíuna vel, lækkið svo niður í meðalháan hita. Steikið um 10 humarbita í senn í u.þ.b. 2 mínútur, eða þar til þeir verða gylltir.
4. Notið götöttan spaða til að veiða bitana úr pottinum. Hristið olíuna vel af og leggið bitana á rakadrjúgan pappír svo umfram olía leki af og bitarnir haldist stökkir.

## Samsetning og annað hráefni

Eftir að humarinn er klár er öllu raðað í vefjunar, gott er að bæta við Romain-salati, kóríander, avókadó og kreista örlitinn límónusafa yfir. Að lokum er sett vel af Hellmann's Creamy Chili sósu yfir til að toppa bragðið.

NÝTT



# FINN DU STREETFOOD BRAGÐIÐ





Ólöf mætti fyrir Félagsdóm í gær og segist vona það besta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Icelandair telur Ólöfu hafa verið hópstjóra en ekki trúnaðarmann

bth@frettabladid.is

**VINNURÉTTUR** Þingfesting fór fram í Félagsdómi í gær í máli Ólafar Helgu Adolfsdóttur, hlaðkonu hjá Icelandair á Reykjavíkflugvelli, eftir að henni var sagt upp í sumar. ASÍ rekur málið en sambandið telur að Ólöf hafi notið uppsagnarverndar.

Í stefnunni er farið þess á leit að viðurkennt verði með dómi að uppsögnin sé brot gegn 11. grein laga númer 80/1938. Þess er krafist að Icelandair verði dæmt til að greiða sekt í ríkissjóð samkvæmt ákvörðun réttarins.

Ágreiningur hefur verið milli Icelandair og Eflingar, stéttarfélags Ólafar, um hvort hún hafi gegnt stöðu trúnaðarmanns þegar henni var sagt upp. Samkvæmt tölvupósti frá Samtökum atvinnulífsins sem vitnað er til í stefnunni, telja samtökin að Ólöf hafi verið hópstjóri og komið sem slík fram fyrir hönd hlaðmanna og haft samskipti við aðra stjórnendur. Hún hafi ekki verið í stöðu öryggistrúnaðarmanns eins og Efling hafi haldið fram. Hún hafi

verið í öryggisnefnd fyrir Flugfélag Íslands en Ólöf hafi starfað fyrir Icelandair og þar sé starfandi öryggisnefnd sem Ólöf hafi ekki tengst.

Mikið ber á milli deilenda í ýmsum atriðum. Ummæli um meintan trúnaðarrest Ólafar, sem sagt er að yfirmaður Icelandair hafi rætt við fjölda starfsmanna Ólafar, hafi verið dreginn til baka af hálfu Icelandair. Alvarlegar ásakanir hafi reynst tilhæfulegsar. Í versta falli telur ASÍ að samskiptavandi hafi verið fyrir hendi en engin rök fyrir uppsögn.

Ólöf segir að henni sé létt að málið sé komið í formlegan farveg. „Ég er mjög vongóð, ég er viss um að þessu máli muni ljúka okkur í hag, hvort sem það verður í gegnum dómstóla eða að Icelandair dregur uppsögnina til baka.“

Allir samstarfsmenn Ólafar í hlaðdeildinni verða kallaðir sem vitni fyrir dóminn. Ólöf segir að því hafi verið haldið fram að þeir séu hræddir við hana, sem sé alrangt. „Það er enginn vafi í mínum huga að þeirra vitnisburður mun styðja mitt mál.“ ■



Björn Leví og Ingi Tryggvason stússast í fangageymslunni þar sem kjörseðlarnir voru geymdir.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Leysa ráðgátu í Borgarnesi

Fulltrúar Alþingis reyndu að leysa ráðgátuna um kosningar í Norðvesturkjördæmi þar sem meðlimir yfirkjörstjórnar eru allir með réttarstöðu sakbornings.

ingunnlara@frettabladid.is

**KOSNINGAR** Fulltrúar Alþingis komu saman í Borgarnesi í gær og fylgdust þar með fjórum starfsmönnum Sýslumannsins á Vesturlandi og yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis telja 10.095 ónotaða kjörseðla á lögreglustöðinni.

Þau Björn Leví Gunnarsson, Líneik Anna Sævarsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir, hluti nefndarmanna í undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa, fylgdust með fólkinu fletta í gegnum hvern einasta seðil til að ganga úr skugga um að enginn laumseðill hefði endað á röngum stað.

Nefndarmennirnir þrír trúlega með annað í huga þegar þeir hófu sína þingmennsku en að kíkja yfir axlir talningarfólks vegna hins fræga misræmis í talningu atkvæða í alþingiskosningum.

„Ég hélt ekki að ég myndi koma að þessu ferli sem þingmaður,“ viðurkenndi Björn Leví og tók Líneik Anna undir: „Maður bjóst alveg við að koma að kosningum með einhverjum hætti á lífsleiðinni en kannski ekki svona.“

Að lokinni talningu og eftir að fangaklefinn sem geymdi alla kjörseðla var innsiglaður á ný héldu nefndarmenn á Hótel Borgarnes til að spyrja meðlimi yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis spjörunum úr en þeir eru allir með réttarstöðu sakbornings.

„Við erum hér til að leysa ráðgátu,“ sagði Birgir Ármannsson, formaður undirbúningsnefndar, áður en fjölmiðlafólki var vísað á dyr og tveir öryggisverðir stóðu vörð fyrir utan hátiðarsalinn þar sem yfirheyrslurnar fóru fram. Öllu var skellt í lás og enginn komst inn, ekki einu sinni fuglinn fljúgandi, hvað þá fjölmiðlar til að greina frá niðurstöðunum.

Öryggisverðirnir tóku hlutverk sitt alvarlega og þarna var enginn að grínast. En það létti lund þeirra sem biðu þegar heimamaður gekk fram hjá, horfði stíft á fileflaða öryggisverðina og sagði: „Já, nú standið þið vörð um salinn,“ og glotti. Það gerðu fjölmiðlamenn líka. ■



Öryggisverðirnir tóku starfið alvarlega og voru ekki í neinu myndastuði.



Líneik Anna Sævarsdóttir rogast með stæðilegan kassastaf, stúttfullan af ónotuðum kjörseðlum niður í fangageymsluna.



Andrúmsloftið við talningu ónotaðra kjörseðla var engu líkt.



Ég hef hafið störf hjá  
Tannlæknaþjónustunni,  
Háaleitisbraut 1

Gestur Már Fanndal,  
tannlæknir

tannlaeknathjonustan.is

## RAFMÓTORAR



**SCANVER** EHF 588 80 40  
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR





# Gleðilegt hlýtt ár!

frá **16.500** kr.

Settu sólina í dagatalið strax á nýju ári og bókaðu flug með okkur til Alicante eða Kanarí. Hvernig hljóma sólbakaðar stendur, ylvogur sjór og hrímkaður kokteill? Einmitt. Hvíldu þig á kuldinum og skelltu þér í sólina.

Bókaðu þína ferð á [flyPLAY.com](https://flyPLAY.com)

**PLAY**



## Hætti ekki að lána til íbúðaverkefna

helgivifill@frettabladid.is

Landsbankinn hætti ekki að lána til íbúðaverkefna og tók ekki ákvörðun um að draga saman í útlánum til slíkra verkefna. Þetta kemur í svari frá bankanum.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, sagði við Stöð 2 fyrr í mánuðinum að hik bankanna við að lána til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis frá árinu 2019 og vaxtalækkunar húsnæðislána á síðasta ári væri aðalástæðan fyrir skorti á íbúðarhúsnæði nú. „Bankarnir hættu eða drógu verulega saman í lánum til nýrra íbúðaverkefna fyrir um tveimur árum. Þeir töldu þá að það væru svo margar íbúðir að koma inn á markaðinn að það yrði offramboð. Þetta breyttist með vaxtalækkuninni,“ sagði hann.



Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans

Landsbankinn segir að útlán til byggingarverktaka hafi numið um 87 milljörðum króna árið 2018, 98 milljörðum króna árið 2019 og 82 milljörðum króna árið 2020. „Mikil sala íbúða og margfalt meiri eftirspurn fyrstu kaupenda gerði það að verkum að verktakar gátu selt fleiri íbúðir og þannig losað um fé til að halda áfram uppbyggingu, sem bankinn hefur stutt með lánveitingum. Eftirspurn eftir lánum til uppbyggingar fer eftir ýmsum þáttum, meðal annars framboði lóða og getu verktaka til að taka að sér ný verkefni. Eftirspurnin hefur verið nokkuð jöfn og við höfum ekki orðið vör við sérstakar breytingar á henni undanfarið. Landsbankinn er leiðandi viðskiptabanki á verktakamarkaði, hefur þjónað þessum geira vel og mun áfram lána traustum verktökum í góð byggingarverkefni,“ segir í svarinu.

Arion banki segist horfa jákvæðum augum á lánveitingar til íbúðabygginga og það hafi hann alltaf gert. Bankinn sé nú sem fyrr reiðubúinn að lána til slíkra framkvæmda.

„Snemma á þessu ári gerði bankinn breytingar á ferlum til þess að liðka fyrir fjármögnun íbúðarhúsnæðis. Þetta var meðal annars gert í ljósi þess að markaðurinn hefur ekki náð að anna eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði. Markmið breytinganna var að auka aðgengi verktaka að lánsfjármögnun meðan á framkvæmdatíma stendur. Undanfarna mánuði höfum við séð umtalsverða aukningu bæði í eftirspurn eftir framkvæmdalánum og í lánveitingum bankans til slíkra verkefna,“ segir í svari frá Arion.

Íslandsbanki hefur verið virkur í lánveitingum til íbúðarfjárfestinga, segir í svari frá bankanum. „Öll slík tækifæri hafa verið og eru skoðuð með opnum hug,“ segir í svarinu. ■

## Hyggjast sækja launahækkunar

Í Lífskjarasamningnum sem undirritaður var vorið 2019 var ákvæði um að launafólk ætti að fá launahækkun ef svigrúm myndaðist með auknum hagvexti.

magdalena@frettabladid.is

Forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar segja að þeir muni sækja hækkunar þar sem útlit er fyrir aukinn hagvöxt. Samtök atvinnulífsins segja að þrátt fyrir að efnahagsbatinn sé hafinn sé landsframleiðslan enn mörg hundruð milljörðum minni en forsendur hefðu gert ráð fyrir.

„Það gefur augaleið að hagvaxtaraukinn átti að skila einhverri aukningu ef það yrði hagvöxtur og það er útlit fyrir að það verði hagvöxtur og við munum sækja það. Það er alveg ljóst,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, í samtali við Markaðinn.

Ásdís Kristjánsdóttir, aðstoðarfrankvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir í samtali við Markaðinn að efnahagsforsendurnar nú séu allt aðrar en voru þegar Lífskjarasamningurinn var undirritaður. Í forsendunum hafi verið gert ráð fyrir lítills háttar hagvexti á árunum 2020-2021 en enginn hafi séð fram á þann mikla samdrátt sem heimsfaraldurinn hafði í för með sér.

„Þrátt fyrir að efnahagsbatinn sé hafinn er landsframleiðslan enn mörg hundruð milljörðum minni en forsendur höfðu gert ráð fyrir. Hagvaxtaraukinn er tilkominn því landsframleiðslan er að vaxa eftir djúpan efnahagssamdrátt og ég tel að flestir sjái það í hendi sér að tímaþætting hans er ákaflega óheppileg nú þegar hagkerfið er að rétta úr kútnum. Hagvaxtaraukinn kemur til framkvæmda í maí næstkomandi og kemur til viðbótar við launahækkunar sem eiga sér stað í upphafi árs.“

Drífa Snædal, forseti ASÍ, segir í samtali við Markaðinn að félagið muni gera þá kröfu að samningar standi. „Við munum að sjálfsögðu gera þá kröfu að samningar standi. Það er alveg útlistað í samningnum hverju við eignum rétt á. En við vitum aftur á móti ekki hver staðan verður þegar kemur að því að meta þetta næsta vor. Þannig að við sjáum bara hver staðan verður þá.“

Aðspurður hvort atvinnulífið geti staðið undir þessum hækkunum segir Ragnar að atvinnulífið geti vel staðið undir því. „Fyrirtækjum hefur gengið gífurlega vel að undanförunu. Við erum að sjá að verzlunin hefur aldrei gengið jafn vel og ákkúrat núna. Síðan ef við skoðum þessi stóru fyrirtæki sem við höfum verið að greina þá sjáum við að launakostnaður sem hlutfall af veltu hefur lækkað mikið og EBITDA fyrirtækja hefur batnað og svo framvegis. Þannig að það er klárlega svigrúm,“ segir hann og bætir við að staða fyrirtækja sé þó auðvitað misjöfn.

„En fyrirtækin ættu að hafa gert ráð fyrir þessum kauphækkunum sem ganga í gegn um áramótin og einnig þeim hækkunum sem



Ýmislegt bendir til að efnahagslífið sé að taka við sér eftir samdráttinn sem varð sökum COVID-19. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

”

Nú þegar við í fyrsta skipti upplifum lágvaxtaumhverfi finnum við á eigin skinni hversu mikil kjarabót er fólgin í því að standa vörð um stöðugleika.



Ásdís Kristjánsdóttir, aðstoðarfrankvæmdastjóri SA

munu mögulega fylgja hagvaxtaraukanum. Við erum að sjá mikinn erlendan þrýsting á verðbólgu, gasverð og verð á hrávörum er að hækka. Við erum að sjá hækkunar í pípunum sem þrýstir enn frekar á að launahækkunar haldi. En við viljum einnig sjá aðgerðir frá ríkisstjórninni og Seðlabankanum. Seðlabankinn gæti til dæmis gripið inn í til að verja krónuna og stjórnvöld lækkað virðisaukaskatt á nauðsynjavörum. Slíkar aðgerðir myndu hjálpa til,“ segir Ragnar.

Ásdís bætir við að afleiðingar hagvaxtaraukans yrðu meiri verðbólga, hærri vextir og uppsagnir. „Við eignum þegar í erfiðri glímu við að ná tökum á verðbólgunni og það ætti að liggja í augum uppi að afleiðingar hagvaxtaraukans verða enn meiri verðbólga og hærri vextir en ella samhliða uppsögnum hjá einhverjum fyrirtækjum sem geta ekki mætt launahækkunum á tekjuhliðinni.

”

Auðvitað eru fyrirtæki í mismunandi aðstöðu en við erum með samninga sem gilda á vinnumarkaðnum og eftir þeim verður að fara.



Drífa Snædal, forseti ASÍ

Nú þegar við í fyrsta skipti upplifum lágvaxtaumhverfi finnum við á eigin skinni hversu mikil kjarabót er fólgin í því að standa vörð um stöðugleika. Þá hefur seðlabankastjóri opinberlega varað við því að fara í of miklar launahækkunar. Því voru það að okkar mati mikil vonbrigði að verkalýðshreyfingin var ekki reiðubúin að taka alvarlega varnaðarorð seðlabankastjóra og endurskoða hagvaxtaraukann í ljósi stöðunnar.“

Hún tekur jafnframt fram að launahækkunar hér séu margfalt á við það sem þekktist á hinum Norðurlöndunum. „Ólíkt Norðurlöndunum sem hafa síðustu áratugi staðið vörð um samkeppnisstöðu fyrirtækja og stöðugleikann virðumst við ekki læra af reynslunni. Við erum enn og aftur að sjá launahækkunar hér sem eru margfalt á við það sem við sjáum á hinum Norðurlöndunum. Það verður ekki sjálfbært frekar en fyrri daginn,“ segir Ásdís.

”

Það gefur augaleið að hagvaxtaraukinn átti að skila einhverri aukningu ef það yrði hagvöxtur og það er útlit fyrir að það verði hagvöxtur og við munum sækja það.



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

Drífa segir að þó svo að staða fyrirtækja sé misjöfn sé brýnt að standa við gerða samninga. „Auðvitað eru fyrirtæki í mismunandi aðstöðu en við erum með samninga sem gilda á vinnumarkaðnum og eftir þeim verður að fara. Það er okkar frumskylda að tryggja að fólk geti lifað af laununum sínum. Það bærust nýlega fréttir um að margir leigjendur séu að greiða um 70 prósent af sínum launum í leigu. Maður veitir fyrir sér hvar ábyrgð atvinnulífsins liggur í því að fólk geti lifað af laununum sínum,“ segir Drífa og bætir við að hækkun launa sé ekki endilega ávísun á atvinnuleysi.

„Það er alltaf þessi mantra til umræðu um það að ef laun hækka þá verður atvinnuleysi en nýverið voru veitt Nóbelsverðlaun í hagfræði þar sem þessi gamla mýta um það að hækkun lægstu launa sé ávísun á atvinnuleysi var hrakin,“ segir Drífa. ■

## Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á [opticalstudio.is](http://opticalstudio.is)  
og í síma 511 5800

Optical Studio  
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK



Nýtt

# HARÐ PARKET

/ ocean 8 xl.

/ ocean 8 xl.  
2 metra löng borð  
extra breið

hydro+  
BERRY ALLOC  
100% vatnsþolið

Kynningarverð  
kr. **4.390.-**  
pr./m<sup>2</sup>

BERRY  ALLOC

Parket á mynd: Ocean 8 XL Gyant Dark Brown



Opið mánud. - fimmtud. frá 08:00-18:00 /  
föstudaga 08:00 - 17:00 / Laugard. 10:00-14:00

 **ALFABORG**  
- allt a gólfíð -

Skútuvoji 6  
104 Reykjavík  
Sími: 568 67 55  
alfaborg.is





## Tífoðuðu veltuna í mathöll Símans

helgivifill@frettabladid.is

Veltan í rafrænni mathöll Símans Pay tífaldaðist á milli mánaða eftir að boðið var upp á tilboð eða matseðil í hverri viku þar sem allir réttir eru á þúsund krónur. „Þetta sló rækilega í gegn,“ segir Gunnar Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Símans Pay, og tekur fram að tilboðin gildi fyrir alla notendur, óháð fjarskiptafélagi. Ekki var hægt að fá upplýsingar um hver veltan var af samkeppnisástæðum.



Gunnar Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Símans Pay

Mathöllin er samstarfsverkefni Símans Pay og SalesCloud. Rúmlega 50 þúsund notendur eru með Símann Pay forritið.

Elisabet Metta Svan Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Maikai, segir að viðskiptavinir panti aftur og aftur í gegnum Símann Pay, væntanlega því það sé svo einfalt í notkun.

Gunnar segir að veitingastaðir sem nýta forritið fái aukinn sýnileika og gagnlegar upplýsingar byggðum á notkun viðskiptavina. ■

## Frakkar kaupa íslenskt gagnaver

helgivifill@frettabladid.is

Franski fjárfestingarsjóðurinn Vauban Infrastructure Partners hefur keypt meirihlutaeign í gagnaverinu Borealis Data Center. Björn Brynjúlfsson, forstjóri og einn af stofnendum gagnaversins, heldur hlut í félaginu. Engar breytingar verða gerðar á starfseminni. Þetta kemur fram í tilkynningu.

Borealis Data Center rekur tvö gagnaver hér á landi, á Blönduósi og á Fitjum í Reykjanesbæ, og leggur áherslu á rekstur sjálfbærra gagnavera. Unnið er að stækkun á gagnaverinu á Blönduósi. Áætlanir gera ráð fyrir frekari stækkun gagnaversins á Blönduósi á komandi árum.

Viðskiptavinir gagnaversins eru fyrst og fremst erlend fyrirtæki sem horfa í auknum mæli til þess að lágmarka kolefnisfótspor af starfsemi sinni. ■

# Fagnar erlendum innviðafjárfestum

Forstjóri Símans segir að í smíðum sé fyrirkomulag sem tryggir inngríps- og eftirlitsmöguleika á rekstri Mílu.

helgivifill@frettabladid.is

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu, segist fagna því að sérhæfur erlendu langtimafjárfestir sýni landinu áhuga, hvort sem það eru fjarskiptainnviðir eða annað. „Með því að bjóða velkomna hingað til lands sérhæfða erlenda fjárfesta eigum við möguleika á að auka sérþekkingu á atvinnugreininni og þar með efla hana. Það kemur hagkerfinu til góða. OECD hefur leiðbeint aðildarríkjum að fara þessa leið,“ segir hann í samtali við Markaðinn.

Upplýst var á mánudag að Símann ætti í einkaviðræðum við franska innviðasjóð um sölu á Mílu. Sjóðurinn er í rekstri hjá Ardian. Liftími sjóðsins er 15 ár en hann hefur verið í rekstri í eitt ár. „Liftími sjóðsins er tiltölulega langur og í samræmi við það sem við sjáum í okkar fjárfestingum erlendis, svona verkefni eru langtímavirkefni,“ segir Ólafur.



Með því að bjóða velkomna hingað til lands sérhæfða erlenda fjárfesta eigum við möguleika á að auka sérþekkingu á atvinnugreininni og þar með efla hana.



Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu

Fram hefur komið í Markaðnum að líklega verði EBITDA-margfaldari við sölu á Mílu á bilinu 12 til 15 sem gæfi heildarvirði, það er samantlagt hlutafé og skuldir, á bilinu 60-80 milljarðar.

Orri Hauksson, forstjóri Símans, segir að franska sjóðastýringarfyritæki Ardian muni bjóða íslenskum lífeyrissjóðum að ganga með sér inn í viðskiptin og fjárfesta til langs tíma í Mílu samhliða sjóðnum. „Við höfum rætt við íslensk stjórnvöld um hvernig við sjáum Mílu og inn-



Símann á í einkaviðræðum um sölu á Mílu til franska innviðasjóðs.

MYND/DAVIÐ ARNGRÍMSSON

við félagsins snerta þjóðaröryggi. Í smíðum er fyrirkomulag sem tryggir inngríps-, upplýsinga- og eftirlitsmöguleika hins opinbera enn betur en fyrr, þótt eignarhaldið breytist. Rekstur og staðsetning á lykilbúnaði verður í innlendri lögsögu og þar með undir aðgengilegu eftirliti innlendra stofnana, hér eftir sem hingað til. Ekki er hægt að flytja grunninnviði úr landi og stýringar þeirra verða hér,“ segir hann.

Ólafur segir mikilvægt við uppbyggingu innviða að hlúa að samkeppnisumhverfinu til að tryggja að ekki sé hægt að hækka verð eftir hentisemi. Ef ekki sé hægt að koma á virkri samkeppni þurfi að koma á fót reglum til að gæta hagsmuna almennings. Það hafi til að mynda verið gert í tilvikum Landsnets sem sé í eigu hins opinbera.

Orri bendir á að Fjarskiptastofa stýri með kvóðum og gjaldskráum um það bil tveimur þriðju af tekjum Mílu. Hann segir að um 85 prósent af heimilum landsins séu með ljósleiðarapræði frá öðrum fyrirtækjum en Mílu og að þrjú farsimakerfi séu í landinu. Það ríki því skýr inn-



Míla getur ekki hækkað verð eftir hentisemi.



Orri Hauksson, forstjóri Símans

viðasamkeppni á markaðnum, auk þjónustusamkeppni þar ofan á. Viðskiptavinir geti fært sig auðveldlega á milli fjarskiptafyrirtækja. „Míla getur því ekki hækkað verð eftir hentisemi,“ segir hann.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Vidreisnar, velti upp þeim möguleika að franski sjóðurinn myndi selja óæskilegum fjárfestum

Mílu þegar fram í sækir, í fréttum RÚV í gær.

Orri segir að atvinnuvegaráðherra hafi heimild til að stöðva þær erlendu fjárfestingar sem talið sé að Íslandi stafi ógn af. „Hið opinbera er með öryggishnapp ef Evrópu-búarnir sem við erum að tala við myndu síðar vilja selja til annarra,“ segir hann.

Ólafur bendir á að samkvæmt skýrslu Samtaka iðnaðarins sé uppsöfnuð viðhaldsþörf innviða umtalsverð hér á landi. Viðhaldsþörfin var áætluð 420 milljarðar króna í fyrra eða 14,5 prósent af landsframleiðslu. Hann segir að það sé æskilegt að fá erlenda fjárfesta til að taka þátt í þeirri uppbyggingu. „Það hlýtur að vera jákvætt að erlendir fagfjárfestar sýni innviðum áhuga og létti þar með undir með okkur,“ segir Ólafur.

Innflæði beinnar erlendra fjárfestingar á Íslandi hefur verið neikvætt allt frá árinu 2016, að því er fram hefur komið í fréttum. Mun meiri hömlur eru á beinni erlendri fjárfestingu á Íslandi en í flestum öðrum ríkjum OECD. ■



## FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Kynntu þér árangur og úrval íV sjóða á [WWW.IV.IS](http://WWW.IV.IS)

— síðan 1987 —

## Val á arkitektastofu ekki bundið höfundarrétti

helgivifill@frettabladid.is

Það er útbreiddur misskilningur að eigendum húsa sé ekki frjálst að skipta við þá arkitekta sem þeir vilja. Arkitekt sem tekur að sér að breyta húsi skal lögum samkvæmt virða höfundarrétt annarra. Með höfundarréttarlög og síðareglur Arkitektafélags Íslands að leiðarljósi á að vera hægt að gera breytingar á mannvirki sem nauðsynlegar teljast vegna afnota hennar eða tæknilegra ástæðna án þess að vegið sé að höfundarrétti eða heiðri viðkomandi arkitekts. Þetta segir Sigríður Maack, formaður Arkitektafélags Íslands.

Karl Óskar Þráinsson, formaður Foreldrafélags Fossvogsskóla, hefur sagt að það sé sorglegt að arkitekt, sem erfði hönnunarrétt húsnæðis skólans frá föður sínum, fái að stjórna för í framkvæmdunum og tefja þær. Reykjavíkurborg hefur ákveðið að ráðast í gagngerar endur-



Alls staðar í heiminum hefur löggjafanum þótt tilefni til að verja þessi eignarréttindi sérstaklega.



Sigríður Maack, formaður Arkitektafélags Íslands

bætur á öllum þremur byggingum Fossvogsskóla til að freista þess að losna við myglu og rakaskemmdir.

Sigríður segir að höfundarréttur gildi í 70 ár frá andláti höfundar. „Þegar samin er bók eða tónlist, málverk málað eða hús hannað verða til huglæg eignarréttindi. Alls staðar í heiminum hefur löggjafanum þótt tilefni til að verja þessi eignarréttindi sérstaklega,“ segir hún.

Sigríður segir að hús sem ætluð séu almenningi, svo sem skólar, listasöfn eða tónlistarhús, beri oft sterkari höfundareinkenni en byggingar almennt. Í þeim tilvikum verði að gæta sérstaklega að samskipti höfundar þannig að breytingar skerði ekki höfundarheiður hans. „Í þeim tilvikum þar sem um hátt byggingarlistarlegt gildi er að ræða þarf að skoða breytingar út frá mörgum ólíkum sjónarhornum áður en farið er út í óafturkræfar breytingar sem rýra gildi verksins,“ segir hún. ■



## ■ Skoðun

Helgi Vífill  
Júlíusson

## Molbúaháttur

Margir Íslendingar þjást af molbúahætti. Það verður ekki annað ráðið af viðbrögðum við mögulegum kaupum fransks innviðasjóðs á Mílu af Símanum.

Meira að segja Evrópusinnar sem horfa ef til vill hýru auga til Frakklands, eins og þingmenn Samfylkingar og Vöðvaflokkar, risu upp á afturlappirnar.

Erlend fjárfesting er þjóðhagslega mikilvæg. Með auknu fjármagni fjölgar til dæmis möguleikum til innlendra fjárfestinga, mannaður eflist með samstarfi við erlenda sérfræðinga og áhættu er dreift á fleiri herðar. Hún skiptir miklu máli fyrir lítill einsleit hagkerfi eins og Ísland og stuðlar að hagvexti, stöðugleika og aukinni framleiðni.

Hömlur á erlenda fjárfestingu á Íslandi eru með þeim mestu innan OECD-rikkjana – molbúahátturinn er jú ekki nýtilkominn. Slíkar fjárfestingar hafa enda verið hlutfallslega litlar miðað við nágrannaríki okkar.

Það er óþarfi að óttast sölu á Mílu. Míla hefur verið í höndum fjárfesta frá einkavæðingu Símanans árið 2005. Það ríkir samkeppni í rekstri fjarskiptainnviða en 85 prósent af heimilum landsins eru með ljósleiðarþæði frá öðrum en Mílu og það eru þrjú farsímakerfi í landinu. Enn fremur stýrir Fjarskiptastofa með kvöðum og gjaldskráum um það bil tveimur þriðju af tekjum Mílu. Verðið getur því ekki hækkað úr öllu valdi við sölu.

Atvinnuvegaráðherra hefur auk þess heimild til að stöðva erlendar fjárfestingar ef óttast er að Frakkarnir selji Mílu til einhverra sem liggja munu á hleri. Þá upplýsti forstjóri Símanans að unnið væri að því að tryggja betur möguleika hins opinbera til eftirlits og inngripa. ■

## Gísli er mikill áhugamaður um sögu, bækur og garðyrkju

■ Svipmynd  
Gísli Þorsteinsson

**Nám:** MBA frá Háskólanum í Reykjavík, BA í sagnfræði og diplóma í hagnýtri fjölmiðlu frá Háskóla Íslands.

**Störf:** Blaðamaður á Morgunblaðinu 1997-2004, upplýsinga-fulltrúi Vodafone 2005-2007, markaðsstjóri MATÍS 2007-2008, markaðsstjóri hjá Origo (áður Nýherja) frá 2008-2014. Hóf störf sem sölu- og markaðsstjóri hjá matvælfyrirtækinu Gæðabakstri á dögnum.

**Fjölskylduhagir:** Giftur Völu D. Jóhannsdóttur, lífefnafræðingi og deildarstjóra hjá Medor. Börn eru Selma Kristín, 21 árs, Jóhann Ágúst, 20 ára, Sunna Sigríður, 18 ára, og Þorsteinn, 10 ára. Ekki má gleyma drottningunni á heimilinu; kettinum Skottu, sem er 7 ára.

Gísli Þorsteinsson tók nýverið við starfi sölu- og markaðsstjóra hjá Gæðabakstri en hann starfaði áður sem markaðsstjóri Origo.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á sögu og les og horfi talsvert á slíkt efni. Ég hef mestan áhuga á síðari heimsstyrjöldinni en einnig finnst mér saga Rómaveldis sífellt meira áhugaverð. Ég fór fyrir nokkrum árum til Rómur og það var gríðarleg upplifun; fornminjar við hvert fót-mál og hundraða ára saga blasti við alls staðar. Það er gríðarlega merkilegt að fara í Colosseum og ekki síst að skoða Páfagarð. Það er ótrúlegt að vita til þess að svona stórkostleg menning og hugvit Rómverja hafi verið við lýði fyrir þúsund árum eða fyrr og hversu gríðarleg áhrif þeir hafa haft á menningu hins vestræna heims. Það er nokkuð ljóst að ég á eftir að kanna Ítalíu betur, einkum sögulega staði þar í landi. Ég hef líka talsvert stúderað síðari heimsstyrjöldina og þátt nasista í hildarleiknum. Ég hef meðal annars heimsótt



Gísli er mikill áhugamaður um sögu og segir sögur Böðvars Guðmundssonar um íslenska vesturfara hafi haft hvað mest áhrif á sig. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Auschwitz, fanga- og útrýmingar-búðirnar í Póllandi. Það var afar óþægileg heimsókn en illsku nasista voru engin takmörk sett þegar kom að því að deyða fólk. Ég mun aldrei gleyma þessari óþægilegu heimsókn í búðirnar, sem eru gríðarlega stórar að flatarmáli og eru sannkallaðar dauðaverksmiðjur.

*Hvernig er morgunrúttin þín?*

Hún er nú alltaf eins virka daga. Pota mér í fötin, klappa kettinum, gef honum að éta og fæ mér svo kaffi. Um helgar reyni ég að taka æfingu, annað hvort þrekæfingu í líkamsræktarstöðinni Hress, nú eða hlaupa með hlaupahópi FH, sem ég hef verið í undanfarin ár. Ég reyni að hlaupa nokkrum sinnum í viku því mér finnst það gríðarlega stresslosandi og góð tilfinning (aðallega eftir á).

*Hvada bók hefur haft mest áhrif á þig?*

Ég er nú aðallega í því að lesa spennusögur um Harry Hole eftir Jo Nesbø. Ég reyndi að hlusta á og lesa nokkrar á ári. Annars mundi ég segja að þær bækur sem hafa haft mest áhrif á mig séu sögur Böðvars Guðmundssonar um íslenska vesturfara.

Hann gaf út Hýbýli vindanna og Lifins tré sem veitti áhrifaríka innsýn í líf Íslendinga sem fluttust til Vesturheims á seinni hluta 19. aldar. Þá hef ég aðeins verið að fikra mig áfram í ljóðalestri og er einkar hrifinn af ljóðum Gerðar Kristnýjar.

*Hver er helstu verkefni fram undan?*

Vinnulega séð þá eru mörg spennandi verkefni fram undan hjá Gæðabakstri. Ég er vitanlega að koma mér inn í starfið en ég sé gríðarlega möguleika í sölu á vörum okkar og tækifæri til vöruþróunar. Það er klárt að við munum láta vita vel af okkur á næstunni. Hvað privat lífið varðar þá langar mig mikið að komast út með konunni minni í einhverja stutta og skemmtilega ferð.

*Hvar sérðu þig eftir 10 ár?*

Vonandi heill heilsu, í finu formi og með hamingjusama fjölskyldu.

*Ef þú þyrfti að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?*

Hefði klárlega valið garðyrkjufræði. Finnst gríðarlega gaman að vinna í garðinum mínum og hef orðið mikinn áhuga á garðyrkju og garðrækt ýmiss konar. ■



Pawel Bartoszek, formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar.

## Ríkir ekki neyðarástand í húsnæðismálum

helgivi@frettabladid.is

Það ríkir ekki neyðarástand í húsnæðismálum. Samkvæmt alþjóðlegum samanburði er einungis ein evrópsk höfuðborg, Haag, þar sem kaupmáttur er hærrí í samanburði við verð á íbúðarhúsnæði. Þetta segir Pawel Bartoszek, formaður skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, sagði við Morgunblaðið á mánudag, að það væri óskiljanlegt að Reykjavíkurborg viki ekki frá þéttingarstefnu til að mæta neyðarástandi á húsnæðismarkaði.

Pawel segir að tilgáta Ragnars Þórs sé að það væri byggt mun meiri í Reykjavík ef ekki væri fyrir þéttingu byggðar. „Staðreyndin er hins vegar sú að seinustu tvo til þrjú ár hafa verið algjör metár í uppbyggingu nýrra íbúða. Höfum verið að fá yfir þúsund nýjar íbúðir inn á markað bæði 2019 og 2020 og það mark mun einnig nást í ár. Sjaldan í sögu borgarinnar höfum við horft upp á annað eins uppbyggingarskeið,“ segir hann.

Reykjavíkurborg sé að skipuleggja nýtt hverfi frá grunni, Ártúnshöfðann. „Þau hverfi sem Sjálfstæðisflokkurinn nefnir í sínum tillögum munu geta komið til álita á næstu árum en þeim þarf auðvitað líka að fylgja innviðauppbýgging, ekki bara lagnir og götur heldur skólar, sundlaugar bókasöfn. Það kostar líka sitt og ekki raunhæft að ætla sér að gera það á fjölmörgum stöðum í einu,“ bætir Pawel við. ■

# Eitt klikk og allt getur klikkað!

# TM

Með Netöryggistryggingu TM er þitt fyrirtæki verndað gegn fjárhagslegu tapi í kjölfar netárásar, gagnaleka eða auðkennisþjófnaðar.

Kynntu þér málið á [tm.is](https://tm.is)

Hugsum í framtíð



## Útkastarar



Adalheiður  
Ámundadóttir  
adalheidur  
@frettabladid.is

**B**laðamaður og ljósmyndari Fréttablaðsins fóru í Borgarnes í gær til að fylgjast með heimsókn þingnefndar á vettvang talningar í Norðvesturkjördæmi. Starf blaðsins á vettvangi var tvíþætt, því auk þess að flytja lesendum fréttir um framvindu þess hneykslismáls sem eftirmál nýliðinna alþingiskosninga eru þurftu þau að brjóta sér leið um fréttavettvanginn sem var kyrfilega varinn starfslíði hins opinbera sem reyndi sitt besta til að koma í veg fyrir að þau gætu sinnt sínu aðalstarfi.

Tvíeyki blaðsins mætti á lögreglustöðina upp úr klukkan níu og hringdi dyrabjöll. Formaður yfirkjörstjórnar og einn sakborninga í málinu kom sjálfur til dyra en snéri frá þegar hann sá gestina. Enginn svaraði þegar blaðamaður hringdi öðru sinni en þegar hringt var í þriðja sinn opnaði starfsmaður á stöðinni án þess þó að hleypa Fréttablaðinu inn. Taldi sig ekki mega það. Blaðamaðurinn spurði hvar starfslíð RÚV væri, og benti á bíl þess á planinu. Útkastarinn viðurkenndi þá með semingi að RÚV væri þegar komið í hús. Gekk þá tvíeykið inn í húsið án þess að afla frekara samþykkis.

Skömmu síðar var viðstöddum tilkynnt að talning væri að hefjast og rýma þyrfti salinn. Fréttablaðið neitaði að vikja af vettvangi meðan stjórnálamenn stemmdu af störf yfirkjörstjórnar. Við það sat.


Þegar afstemmingu var lokið hélt liðið yfir á Hótel Borgarnes til að skoða talningarstaðinn, innganga í hann, sjónsvið öryggismyndavéla og annað sem máli skiptir fyrir rannsókn þingnefndarinnar. Ekki var leyndarhyggjan minni á Hótel Borgarnesi en á lögreglustöð bæjarins. Tveir öryggisverðir voru nú komnir til að halda aftur af Fréttablaðinu sem vildi mynda vettvang hinnar umdeildu talningar og flytja fréttir af störfum þingnefndarinnar. Enginn lét þess þó getið hvað í vistarverum hótels Borgarness þyldi ekki að koma fyrir almenningssjónir.

Uppruni leyndarhyggju hins opinbera er ekki alltaf í efstu lögum stjórnsýslunnar. Hún grasserar ekki síst hjá starfsfólkinu á gólfinu sem veit ekki hvernig það á að bregðast við þegar blaðamaður ber að garði. Auðveldasta leiðin er oftast valin til öryggis, að henda blaðamanninum út.

Það er full ástæða til að grípa til formlegra aðgerða gegn þessum stælum enda eru þeir svo algengir að blaðamenn búa sig undir að standa í ströggli við varðmenn hins opinbera í hvert einasta skipti sem þeir mæta á fréttavettvang. Kælingaráhrifin af því eru ískýggileg, því flestir lúffa. ■

”  
Ekki var leyndarhyggjan minni á Hótel Borgarnesi en á lögreglustöð bæjarins. Tveir öryggisverðir voru nú komnir til að halda aftur af Fréttablaðinu.

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

## Jólasveinar

Þótt það kunni að hljóma undarlega í ljósi fljóttandi vægis atkvæða hefur nú fengist skjalfest að landsbyggðarþingmenn hafa aldrei verið jafn fáir og nú. Varla verða þó gerðar neinar breytingar á þeirra eigin reglum sem kveða á um 130 þúsund króna fastar viðbótargreiðslur fyrir það afrek að ná kjöri utan stórhöfuðborgarsvæðisins. Landsbyggðarþingmennirnir eru orðnir þrettán. Er búið að boða komu þeirra til byggða fyrir jól. Haldi þessi þróun áfram verða þeir einn og átta sem ofan koma af fjöllumunum.

## Loftslagsbreytingar

Forpokaðir fögnuðu þegar pálmatrjánum í Vogabyggð fækkaði um eitt og hverfið varð samstundis helmingi óáhuga-verðara. Vigdís Hauksdóttir er með pálmann í höndunum þar sem borgaryfirvöld þurfa enn að finna háum hitabeltisandrúmsloftskúplinum hagnýtt hlutverk. Í stað giraffa í Húsdýragarðinn gæti lausnin legið í því að gera glerhjálminn að minnisverða um hverfandi tíma með því að fylla hann með margþættri lyktinni sem hverfur nú úr Kolaportinu þegar það verður ekki lengur samkomustaður alþýðunnar sem þarf nú að vikja fyrir mathöll þeirra sem splæsa á sig hvítvíni í hádegina. ■

## Vika og vika



Kolbrún  
Baldursdóttir  
oddviti Flokks  
fólksins í  
borgarstjórn  
Reykjavíkur

Reglur um strætókort handa nemendum í grunnskólum Reykjavíkurborgar kveða á um að miða skuli við lögheimili barns og fjarlægð þess frá skóla þegar ákveðið er hvort barnið eigi rétt á strætókort eða skólaakstri. Nú er það svo að sum börn eiga tvö heimili þótt einungis annað þeirra sé lögheimili. Sífellt verður algengara að barn dveljist viku í senn hjá hvoru foreldri og ekki búa allir foreldrar í sama hverfi.

Ég vil gjarnan sjá að reglur um strætókort handa nemendum í grunnskólum Reykjavíkurborgar taki mið af þessu. Þess vegna lagði ég til á fundi borgarráðs, fyrir hönd Flokks fólksins, að taka ætti mið af bæði lögheimili og búsetuheimili barns og að börn, sem sækja skóla í öðru skólaverfi en lögheimili þeirra segir til um, ættu einnig rétt á strætókort. Þannig getum við bætt rétt barna sem eiga tvö heimili.

Dæmi eru einnig um að börn þurfi að skipta um skóla vegna eineltis. Ég hef einnig lagt til í borgarstjórn að réttindi þeirra verði aukin þurfi þau að sækja skóla í hverfi utan lögheimilis. Loks má nefna þau börn sem hafa flust í nýtt hverfi en vilja halda tengslum við vini í gamla skólanum þar til haldið er í menntaskóla. Fráleitt er að neita þeim um strætókort þótt fjarlægðarviðmiði milli heimili og skóla sé nán sem er 1,5 kílómetra göngufjarlægð frá hverfisskóla sínum fyrir nemendur í 1.-5. bekk og 2 kílómetra fyrir nemendur í 6.-10. bekk.

Flokkur fólksins leggur til að reglum sé breytt þannig að tekið sé tillit til fjarlægðar skóla frá báðum heimilum barns til að auðvelda foreldrum að ala börn sín upp í sameiningu. Þessi tillaga er í samræmi við nýsamþykktar breytingar á barnalögum sem taka gildi næstu áramót og opna á það að foreldrar skrái bæði lögheimili og búsetuheimili barns, og taki sameiginlegar ákvarðanir um hagsmuni barnsins í slíkum tilvikum. Réttlátari tilhögun ætti ekki að auka kostnað borgarinnar nema litillega en getur skipt hlutaðeigandi börn og foreldra miklu. ■

”  
Réttlátari tilhögun ætti ekki að auka kostnað borgarinnar nema litillega en getur skipt hlutaðeigandi börn og foreldra miklu.

## Hvernig er draumasófinn þinn?

## Handgerðir íslenskir sófar

- Margar útfærslur í boði
- Mikið úrval áklæða
- Engin stærðartakmörk

Sjá nánar  
á [patti.is](http://patti.is)



## Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - [patti.is](http://patti.is)

Patti  
HÚSGÖGN



# Trúfrelsi og frjáls kirkja



Dr. Sigurvin Lárus Jónsson  
prestur við  
Fríkirkjuna í  
Reykjavík

Í lýðræðisríkjum er trúfrelsi grundvallarmannréttindi og er skilgreint í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem „frelsi manna til að breyta um trú eða sannfæringu svo og til að rækja trú sína eða sannfæringu, hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðspjónustu, boðun, breytni eða helgihaldi.“

Við Íslendingar öðluðumst fyrst trúfrelsi með stjórnarskránni 1874, sem okkur var færð af Kristjáni IX Danakonungi. Þar segir: „Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins, þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjar reglu. Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu.“

Trúfrelsi skipti höfuðmáli fyrir þær kirkjudeildir sem hér störfuðu undir lok 19. aldar við hlið þjóðkirkjunnar en ekki síður við stofnun og uppbyggingu Fríkirkjunnar í Reykjavík.

Saga Fríkirkjunnar hefst á Reyðarfirði en flokkur kirkjufólks sagði sig úr lögum við þjóðkirkjuna, á grundvelli nýrrar stjórnarskrár, og stofnaði Fríkirkju, kirkju sem var óháð bæði þjóðkirkju og Danakonungi – kirkju sem var frjáls. Til liðs við þá kirkju gekk sr. Lárus Halldórsson prestur, sem jafnframt varð fyrsti prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík, og undir hans forystu eignaðist söfnuðurinn kirkju á Eskifirði.

Í sama frelsisanda er Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík stofnaður árið 1899 en einkunnarorð Lárusar voru „frjáls rannsókn og frjáls kirkja“. Frjáls rannsókn í merkingunni guðfræði sem er óhrædd við að spyrja spurninga og frjáls kirkja í merkingunni kirkja sem hefur lýðræðislega skipan og ekki skákar í skjóli valdhafa.

Með Fríkirkjunni í Reykjavík, og þeim systursöfnuðum sem á eftir

komu, Óháða söfnuðinum og Fríkirkjunni í Hafnarfirði, sköpuðust raunverulegir valkostir í trúmálum, sem kröfðust þess ekki að skipt yrði um trú.

Þær hugsjónir sem leiddu til stofnunar Fríkirkjunnar í Reykjavík eru merkilegar í ljósi þess hvað þær endurspeglar nútímallega hugsun. Hvatinn að stofnun Fríkirkjunnar var trúfrelsi, hugmyndir um jafnræði stétta, lýðræði og jafnrétti, og hugsjónin um frjálsa kirkju.

Ávextir Fríkirkjunnar í íslenskri menningu eru vel þekktir. Á langri sögu safnaðarins hefur Fríkirkjan látið að sér kveða í mannlífi og menningu.

Fríkirkjusöfnuðurinn var leiðandi afl í lýðræðisþróun og sjálfstæðisbaráttu Íslendinga við upphaf 20. aldar;

Fríkirkjusöfnuðurinn var leiðandi í jafnréttisbaráttu Íslendinga, en sr. Ólafur Ólafsson fríkirkjuprestur var meðal alþingismanna sem beittu sér fyrir fjárráðum kvenna, kjörgengi kvenna og rétti kvenna til menntunar og embætta;

Fríkirkjusöfnuðurinn hefur í gegnum söguna fagnað vísindum og rannsóknum við iðkun guðfræði og má nefna þar nefna Harald Nielsson guðfræðiprófessor sem prédikaði hér við kirkjuna á árunum 1914-1928;

Fríkirkjusöfnuðurinn hefur tekið afgerandi afstöðu með hinsegin fólki og var fyrst trúfélaga á Íslandi til að viðurkenna hjónavígslu hinsegin fólks;

og Fríkirkjusöfnuðurinn hefur tekið skýra afstöðu með jafnri stöðu trúfélaga á Íslandi, fjölmenningu og trúfrelsi.

Mikilvægast af öllu er að Fríkirkjan í Reykjavík býður upp á raunverulegan valkost í trúmálum, valkost til handa þeim sem vilja tilheyra þeirri trúarhefð sem hefur mótað menningu okkar frá siðbót en kjósa að tilheyra söfnuði sem heldur á lofti framsýni, frjálslýndi, fjölmenningu og mannréttindum. Söfnuði sem hefur látlausa, trúverðuga uppbyggingu. ■



Ávextir Fríkirkjunnar í íslenskri menningu eru vel þekktir.

# Lýðræðisstefna Reykjavíkur samþykkt



Dóra Björt Guðjónsdóttir  
formaður mann-  
réttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs Reykjavíkur

Fyrsta lýðræðisstefna Reykjavíkur sem gildir til næstu tíu ára var samþykkt á fundi borgarstjórnar í gær ásamt aðgerðaáætlun og mælanlegum markmiðum. Hún snýst um að byggja upp traust um þær ákvarðanir sem eru teknar, efla upplýsingagjöf til íbúa og auka aðkomu þeirra. Lýðræðisleg, fagleg og vönduð umfjöllun um málefni bætir gæði ákvarðana sem færir okkur betri borg.

Meginmarkmið lýðræðisstefnunnar eru fjögur og endurspeglar hringrás lýðræðislegra vinnubragða. Hlusta, rýna, breyta og miðla. Með þessu skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að styrkja lýðræðið í borginni, styðja við og stunda lýðræðisleg vinnubrögð og tryggja að íbúar geti haft áhrif á málefni borgarinnar.

Málefni sveitarstjórna er nærþjónustan. Það sem birtist íbúum í sínu daglega lífi. Þá er svo mikilvægt að hafa góða lýðræðisferla til að skapa vettvang fyrir hugmyndir

íbúa um hvernig hlutirnir eiga að vera. Vegna þess að við kjörnir fulltrúar vitum ekki allt best. Íbúar þekkja sitt nærumhverfi og aðstæður best.

Lýðræðisstefnan var unnin í þverpólítisku samstarfi fulltrúa allra flokka í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði frá hausti 2019. Þannig skipuðu sex fulltrúar stýrihópinn, jafn margir frá meirihluta og minnihluta í stað oddatölu sem venjan er, enda var lögð mikil áhersla á gott samstarf og sátt milli flokka. Samtal og samvinna einkennir vinnuna sem og afrakstur hennar. Drög að lýðræðisstefnu sem lágu fyrir við lok síðasta kjörtímabils voru einnig mikilvægt gagn við vinnuna.

Byggir stefnan á niðurstöðum umfangsmikils og metnaðarfulls samráðsferils sem lögð var áhersla á að væri aðgengilegur öllum óháð fötlun, stöðu og tungumálakunnáttu þar sem boðið var upp á viðtækt samtal um lýðræði og þátttöku í Reykjavík. Opíð samráðsferli stóð yfir bæði við upphaf og lok vinnunnar, skipulagðir voru rýnihópar með slemбивöldum íbúum borgarinnar, haldnir voru margir vinnufundir með starfsfólki í stjórnsýslunni, opin fundur fyrir íbúa, opnir fundir með íbúaráðum, umsagnarferli í ráðum og nefndum sem og vinnustofa kjörinna fulltrúa.

Rauður þráður í gegnum aðgerðaáætlunina er aukid gagnsæi með meðal annars Gagnsjá Reykjavíkur, lýðræðisáttavita sem og bættu samráði vegna framkvæmda og viðhalds. Að auki er lykilaðhersla á eflingu lýðræðislegrar þátttöku ungmenna með meðal annars stóru auknu lýðræði í skóla- og frístundastarfi, lýðræðisáttavita unga fólksins og að taka á móti skólahópum í Ráðhúsið.

Innan aðgerðaáætlunar er auk styrkingar núverandi lýðræðisverkefna að finna ýmsar róttækar nýjungar eins og íbúadómnefnd til að skera úr um ágreiningsefni, samræmd og einfölduð lýðræðisgátt á vefnum og regluleg borgaraþing með beinu samtali íbúa og borgarstjórnar.

Lýðræðisstefna Reykjavíkur er gagnsær og skýr rammi í kringum lýðræðið í borginni sem styður við aukid jafnræði og samræmdari vinnubrögð í kringum samráð. Lýðræðisleg vinnubrögð eiga ekki að vera breytileg eftir skoðunum eða áhuga þeirra sem halda utan um verkefni hverju sinni heldur skulu þau alltaf viðhöfð.

Við erum stolt af þessari fyrstu lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar og hlökkum til að sjá afraksturinn í formi meiri og markvissari þátttöku íbúa og betri ákvarðana sem meiri sátt ríkir um. ■

# APOTEK

KITCHEN + BAR



# ÍTALSKT POP UP

MIÐVIKUDAG TIL SUNNUDAGS

Við bjóðum velkomin ítalska gestakokkinn og matreiðslunillinginn Matteo Cameli frá veitingahúsinu Al Vecchio Convento

## MATSEÐILL

### Túnfisk tartare

Ólífur, engiferdressing og piparrótar-panna cotta 2.990 kr.

### Lamb

Grafið lamb, laukfroða, lakkrís og möndlur 2.990 kr.

### Tagliolini og þorskur

Salviusmjör, parmesan ostur 3.490 kr.

### Kolkrabbi "alla mugnaia"

Sellerirót og "spicy" kartöflukrem 3.490 kr.

### Dádýra file

Hafþyrnir, brokkólíni og rossini-sósa 5.990 kr.

### Tiramisu að hætti "Vecchio Convento"

2.490 kr.

### Bættu ítölskum trufflum á réttinn þinn

Svartar trufflur 900 kr. Hvítar trufflur 1.900 kr.

## SMAKKSEÐILL

Smakkaðu alla sex réttina

10.990 kr. á mann

Þú mátt bara ekki missa af þessu!

Borðapantanir á  
apotek.is og í síma 551 0011

ANTINORI  
26 GENERAZIONI



# Opið bréf til umhverfis- og auðlindaráðherra



Ole Anton Bieltvedt  
stofnandi og formaður Jarðarvina

Ágæti Guðmundur Ingi.

Við viljum hér með skora á þig, að aflétta ekki friðun íslensku rjúpunnar fyrir það veiðitímabil, sem fyrirhugað er 1. til 30. nóvember 2021.

Erum við með þessum hætti að andmæla ráðgjöf Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ), frá 29. sept. 2021, um, að þú heimilir undanþágu frá friðun á um 20.000 fuglum, sem NÍ telur að muni ganga til skiptanna á um 5.000 veiðimenn, þannig, að heildarveiði hvers veiðimanns verði 4 fuglar.

Í fyrsta lagi, teljum við, að þessi ráðgjöf virði ekki nægjanlega það krítiska ástand, sem rjúpnastofninn er í, í öðru lagi metum við það svo, að þessi ráðgjöf sé óraunsæ og standist ekki í framkvæmd, og í þriðja lagi er það okkar skoðun, að þessi ráðgjöf, þ.e. hugsanleg framkvæmd hennar, standist ekki lög nr. 64/1994.

Við viljum færa eftirfarandi rök fyrir áskorun okkar:

1. Í tölvupósti frá Ólafi Karli Nielsen (ÓKN), helzta sérfræðingi NÍ um rjúpnamál, frá 8. okt. 2021, staðfestir hann, að vorstofn rjúpu nú, 2021, sé sá veikasti og minnsti, sem verið hefur, frá því að mælingar stofnsins hófust 1995, eða í 26 ár. Mælist hann einvörðungu 69.000 fuglar. Veiðistofn er, nú í haust, talinn 248.000 fuglar. Þessi staðreynd ein og sér, hlýtur að hvetja ráðamenn til sérstakrar varkærni við mat á veiðum nú.
2. Í gagninu Mat á veiðipóli rjúpnastofnsins haustið 2021, frá 29. sept. 2021, samið af ÓKN, sem liggur þér fyrir, kemur fram á bls. 9, að veiðistofninn hafi aðeins tvisvar sinnum áður farið niður fyrir 300.000 fugla. Annars vegar árið 2002, sem leiddi til þess, að fuglinn var friðaður af þáverandi umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttur, árin 2003 og 2004, og svo aftur í fyrri, 2020, sem í raun hefði átt að leiða til friðunar þá líka, ef samræmis hefði verið gætt. Nú, milli ára, hefur vorstofninn svo minnkað aftur, frá því lágmarki, sem var í fyrri, 2020, um 30%, úr 99.000 fuglum í 69.000 fugla, þannig, að ráðgjöf um frekari veiðar nú skortir allt samræmi, allt hóf og alla skynsemi að okkar mati.



”  
Stofninn hefur verið í frjálsum falli, og samt var veitt áfram.

3. Í sama gagni, á bls. 11, kemur þetta fram:  
A. Árlegur meðaltalsveiðistofn síðustu 16 ár, 2005 til 2020, var 600.520 fuglar, og var hann lægstur á þessu tímabili 282.478 fuglar. Nú er þetta met um lágmarksstofn, sem sé, slegið, með 248.000 fuglum. Enn ein alvarleg viðvörðun.  
B. Meðalveiði á veiðimann á ári, á þessu 16 ára tímabili, skv. skrá, var 12 (11,1) fuglar. Lágmarksveiðimagn á veiðimann var 9 (8,8) fuglar, mest var veiðin á mann 16 fuglar. Verður þá að spyrja, hvort heil brú sé í því, þegar gengið er út frá því, að veiðimenn sætti sig nú við heildarveiði upp á 4 fugla!? Hver fer til fjalla fyrir slíka veiði og hver er sú fjölskylda, sem þessi fjöldi fugla myndi nægja í hátíðarmat? Fyrir okkur stentz þessi hug-

mynd og ráðgjöf um 20.000 fugla, 4 fugla á veiðimann, enga skynsamlega skoðun eða raun-sætt mat, heldur býður hún upp á þá hættu, að um stórfellda ofveiði verði að ræða, sem gæti verið upphafið að endalokum íslensku rjúpnastofnsins. Þegar stjórnvöld vilja innleiða reglur og lagaramma, sem standast ekki praktíska skoðun eða eru fjarri venjum manna, vilja og þörfum, þá sýnir reynslan, að þær eru virtar að vettugi.

4. NÍ og UST virðast ganga út frá því, að allir, sem veiða rjúpu, kaupi veiðileyfi og tilkynni sína veiði. Okkur er það stórlega til efs, að bændur og landeigendur telji sér bætt að kaupa veiðileyfi fyrir veiðar á sinni eigin jörð eða sínu land. Slík kvöð samræmist vart þeim skilningi á eignarrétti, sem bændur og landeigendur hafa tamið sér. Er því líklegt, að hundruð eða þúsundir bænda og rjúpnaveiðar þeirra komi ekki fram í veiðitölum. Veiðipjöfnadur kemur auðvitað líka inn í myndina, auk þess, sem ætla má, að ýmsir vantelji sína veiði, sérstaklega, þegar veiðimagn (5 fuglar í fyrri) stendur í ekki í neinu samhengi við praktískar þarfir. Skv. ofangreindu, teljum við að taka verði áætlaðar veiðitölur, sem NÍ segir að verði 20.000 fuglar, nú í haust, ef veiðar verða leyfðar, með miklum fyrirvara.
5. Hvað varðar stofnstærð, bæði varpstofn að vori og veiðistofn að hausti, þá teljum við margt benda til þess, að sú talning og þær tölur kunni að standast, séu allavega góð visbending, sem byggja megi á. Skv. fyrirbyggjandi gögnum NÍ var þróun vorstofns rjúpu síðustu 4 árin þessi:

2018 293.000 fuglar  
2019 228.000 fuglar  
2020 99.000 fuglar  
2021 69.000 fuglar

Hvernig getur nokkrum manni, sem ann er um íslenskt dýra- og lífríki og á auk þess að bera ábyrgð á stöðu þess og viðkomu gagnvart landsmönnum, dottið í huga, með hliðsjón af ofangreindri þróun, að mæla með áframhaldandi veiðum?  
6. Skv. lögum 64/1994, gr. 6, eru öll villt dýr, þar með talin rjúpan, friðuð. Aflétting friðunar er háð því, að ekki sé gengið á stofn, þannig, að veiðar og afföll fari ekki fram úr viðkomu. Tilgangurinn er, að stofn haldist eða aukist. Þessi lög tóku gildi 1. júlí 1994. Hrun vorstofns, skv. gr. 5 hér að ofan, og áframhaldandi árlegar veiðar, þrátt fyrir það, sýnir, að þess lög hafa verið virt að vettugi. Stofninn hefur verið í frjálsum falli, og samt var veitt áfram. Önnur hlið á þessu máli er, að skv. upplýsingum NÍ var vorstofn rjúpu fyrsta vorið eftir að lög 664/1994 tóku gildi, vorið 1995, 127.000 fuglar. Skv. okkar skilningi á lögnum, hefði aldrei mátt veiða, hafi vorstofn farið undir 127.000 fuglum. Það var og er sá lágmarksstofn, sem til þarf að koma, til að þeirri viðleitni sé sem bezt fylgt, að ekki sé gengið á stofn með veiðum. Það er auðvitað miklu meira en mál til komið, að ákvæðum laga nr. 64/1994 sé fylgt! Það þýðir það, að ekki verði veitt, sé vorstofn ekki minnst 127.000 fuglar. Eins og fram hefur komið, var hann 99.000 fuglar í fyrravor og 69.000 fuglar nú í vor.

Ágæti Guðmundur Ingi, við leggjum hart að þér, að skoða þessi mál nú vel, og í trausti þess, að þú skiljir og metir staðreyndir málsins og aðra þætti þess, með svipuðum hætti og við, skorum við á þig, að aflétta ekki friðun íslensku rjúpunnar fyrr en vorstofninn er kominn í minnst 127.000 fugla aftur.

Kærar þakkir og kveðjur,  
Jarðarvinir, félagasamtök um dýra-, náttúru- og umhverfisvernd. ■

## Skattskrár vegna álagningar á einstaklinga og lögaðila á árinu 2020 og virðisaukaskattskrá vegna tekjuársins 2019 eru lagðar fram 18. október 2021 - 1. nóvember 2021

Skrár yfir álagða skatta á tekjur einstaklinga og lögaðila á árinu 2020 vegna tekjuársins 2019 ásamt virðisaukaskattskrá eru til sýnis dagana 18. október til 1. nóvember 2021 að báðum dögum meðtöldum á almennum starfsstöðvum Skattsins utan Reykjavíkur en í Reykjavík í Tollhúsinu Tryggvagötu 19.

Auglýsing þessi er birt, skv. 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og 46. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Reykjavík, 18. október 2021

Ríkisskattstjóri





FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

MIÐVIKUDAGUR 20. október 2021



Iris Jensen stendur hér fyrir framan sólgulan og bjartan mosavegg sem hægt er að nálgast í versluninni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## Nýir litir og spennandi áferð í baðherbergjum Íslendinga

Innréttingar og tæki í Ármúlanum hafa skapað sér sérstöðu sem ein fremsta sérverslun landsins fyrir baðherbergið í dag. Að sögn Írisar Jensen er ríkisbaðherbergið svokallaða, þar sem allt er í hvítu háglans og krómi, orðið þreytt og fólk þyrstir nú í ferska liti, áferð og efni. **2**



Innréttingar og tæki selja afar vandaða sérvöru fyrir baðherbergi. Til að mynda fást þar baðinnréttingar, sturtuklefar, hreinlætisvörur og blöndunartæki. „Við erum í raun með allt fyrir baðherbergið nema vegg- og gólfefni. Við viljum vera sérvöruverslun, en ekki þessi dæmigerða byggingarvöruverslun. Við leggjum metnað okkar í vandaðar vörur og persónulega þjónustu. Við viljum líka vera með puttann á púlsinum þegar kemur að nýjungum á markaðnum,“ segir Íris Jensen, eigandi fyrirtækisins.

### Fjölskyldufyrirtæki

Innréttingar og tæki eru eitt af rótgrónustu fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Sagan nær aftur til ársins 1945 þegar amma Írisar stofnaði heildsöluna. Íris Jensen tók við rekstri fyrirtækisins ásamt eiginmanni sínum Grétari Þór Grétarssyni árið 2014. En áður höfðu foreldrar Írisar rekið fyrirtækið farsællega frá árinu 1993. „Þetta er algjört fjölskyldufyrirtæki. Maðurinn minn er í annarri vinnu, en kemur svo alltaf upp í búð að vinnudegi loknum. Og ef foreldrar mínir eru ekki á staðnum, þá eru börnin hérna. Svo bíð ég bara eftir að ömmubörnin mæti á vaktina,“ segir Íris og hlær.

### Sólgulur mosaveggur

Þegar ljósmyndara bar að garði var Íris að ljúka við að setja upp fallegan sólgulan mosa frá Benettimoss á Ítalíu. „Benettimoss framleiðir gullfallegar mosaplötur í mörgum litum úr náttúrulegum mosa. Mosinn er bæði hljóðeinangrandi og safnar ekki í sig ryki og hentar því sérlega vel inn á baðherbergi, sem eiga það til að bergmála.“

### Áhrifamikil lituð blöndunartæki

Orðið blöndunartæki verður seint kosið mest eggjandi orð íslenskrar tungu, en markaðurinn hefur heldur betur tekið við sér þegar kemur að því að bjóða upp á eitthvað annað en burstað stál eða glansandi króm. „Krómið fer náttúrulega aldrei úr tisku. Þetta er alger standardvara sem við munum alltaf bjóða upp á. En í dag eru komnir svo margir aðrir möguleikar sem gaman er að leika sér með í hönnun baðherbergja. Svörtu möttu blöndunartækin frá FIMA Carlo Frattini eru áfram mjög vinsæl, sem og gylltu og koparlitugu. Þá erum við einnig með svart króm sem er glansandi og ótrúlega smart inn á stílhrein baðherbergi. Einnig erum við með svart og matt burstað stál sem einnig sómir sér vel inni á baðherbergi nútímans.“

Það er mjög vinsælt að skipta út blöndunartækjunum þegar fólk langar til að fríka upp á baðherbergið, hvort sem það er að breyta til eða til að auka söliverð íbúða. Þetta er sáraeinföld aðgerð og hefur ótrúlega mikil áhrif.

Loksins getum við svo boðið upp á svört blöndunartæki með ömmustöng til þess að hafa í baðkarinu. Þetta hefur sáravantað en nú geta þeir sem eru ekki með sturtu tollað í tiskunni,“ segir Íris og hlær.

### Mattur heillar landann

Innréttingarnar frá Elita hafa verið mjög vinsælar hjá Innréttingum og tækjum. „Nú erum við að taka inn virkilega fallegar nýjungar í þessum innréttingum en þar er matta áferðin í algleymingi. Möttu litirnir eru svartur, grár, ljósgrár og hvítur. Hér áður fyrr voru baðherbergisinnréttingar alltaf í háglans, líklega upp á þrif að gera, en það er vissulega auðveldara að þrifa háglans en matt. Hins vegar þróast smekkur manna með tímanum og fólk er farið að þyrsta í eitthvað annað en ríkisbaðherbergið þar



Íris hefur sérhæft sig í að bjóða upp á spennandi valmöguleika í hreinlætis-tækjum fyrir baðherbergi.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK



Sturtubotnarnir frá Gala eru hin fullkomna lausn fyrir þau sem langar í geggjaða „walk-in“-sturtu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Möttu innréttingarnar frá Elita eru stílhreinar og fallegar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Blöndunartæki geta vel verið æsandi fögur.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR



Salerni og handlaugar fást í fjölda fallegum litum sem poppa upp á baðherbergið.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI



Baðherbergi nútímans eru litrík, persónuleg og með spennandi áferð.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
VALLI



Hver segir að vaskurinn þurfi endilega að vera úr postulíni?

sem allt er hvítt, háglans, króm og kalt. Svo er staðreyndin einfaldlega sú að maður setur það varla fyrir sig að taka upp tuskuna fyrir eitthvað sem maður lagði tíma og metnað í að velja saman.

Möttu innréttingarnar frá Elita seljast í dag eins og heitar lummur og þá er mattur svartur þar allra vinsælastur. Þá kemur líka mörgum á óvart hvað mattur ljósgrár kemur skemmtilega út með hvítri handlaug. Það er ekki mikill litamunur, en þó nægur til að skapa heillandi djúpt.“

### Litagleði í fyrirrúmi

„Enn fremur bjóðum við upp á falleg salerni frá Globo á Ítalíu í öllum regnbogans litum. Litudu salernin eru mött og fást í gulum, grænum, bláum, bleikum, rauðbrúnum og mörgum fleirum. Svörtu og hvítu möttu eru þó langvinsælust eins og vera ber. Hver klósettskál og handlaug er framleidd eftir þöntun og velur viðskiptavinurinn litinn og lagið eftir því sem hentar. Innanhússhönnuðir og arkitektar eru

mjög ánægðir með þessa nýju möguleika og leika sér óspart með litaðar handlaugar og salerni, blöndunartæki í ýmsum litum og útfærslum og fleira og útkoman eru skemmtileg og persónuleg baðherbergi.“

### Glæsilegir og hagkvæmir sturtubotnar fyrir nútímaheimili

Sturtubotnarnir frá spænska merkinu Gala eru sívinsælir enda sameinast þar gæði og fagurfræði í einni heilli flís. Botnarnir eru afar sterkbyggðir og endingargóðir og ekki hálir þar sem á er borin stöm gelkvöða sem gerir botninn að stöðugu undirlagi. Þeir koma í fimmtán litum, einnig með innbyggðum halla sem einfaldar uppsetningu til muna.

„Þessir botnar eru líklega það allra vinsælasta sem við höfum boðið upp á enda eru þeir bæði hentugir og ódýrari kostur en hinn valkosturinn. Það er nefnilega töluvert dýrara og flóknara að flísaleggja sturtubotn með halla, heldur en að fá sér Gala sturtubotn með innbyggðum halla. Margar íbúðir, sérstaklega í eldri húsum, eru líka þannig að það er ekki hægt að byggja inn halla í gólfíð, þar sem niðurfallið er oft of djúpt. Enn fremur er það jafnvel bannað í eldri blokkaríbúðum. Þá þarf að byggja upp botninn og svo halla sem kostar enn meira. Gala sturtubotninn hentar líka fullkomlega í sumarbústaðinn, en flísina má leggja beint ofan á hvaða gólfefni sem er, jafnvel timbur. Þá ertu kominn með æðislega „walk-in“ sturtu með litilli fyrirhöfn,“ segir Íris að lokum. ■

Innréttingar og tæki eru í Ármúla 31 Sími 588 7332. Sjá nánar á i-t.is.



# Náms- og starfsráðgjafar

MIDVIKUDAGUR 20. október 2021



Jónína Kardal er formaður Félags náms- og starfsráðgjafa en félagið heldur upp á afmæli sitt um þessar mundir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Náms- og starfsráðgjöf alla ævi

Jónína Kardal hefur verið formaður Félags náms- og starfsráðgjafa frá því í vor. Hún hefur lengi tekið þátt í virku starfi félagsins og var áður formaður 2004-2006. Félagið heldur upp á 40 ára afmæli sitt um þessar mundir. **2**

Félag náms- og starfsráðgjafa hefur stækkað mikið frá stofnun þess fyrir fjörutíu árum. „Í upphafi voru stofnfélagar sjö talsins og hét þá Félag námsráðgjafa. Fjöldi félagsmanna hefur vaxið í takt við aðgengi að menntun á sviði náms- og starfsráðgjafa í gegnum Háskóla Íslands og svo hafa félagar menntað sig erlendis. Til marks um þróun félagsins breytti það nafni

sínu í Félag náms- og starfsráðgjafa til að leggja áherslu á heildræna sýn á náms- og starfsferilinn og þau viðfangsefni og verkefni sem einstaklingur fæst við. Það er mikill mannaúður fyrir hendi í félaginu, menntaðir sérfræðingar á sviði náms- og starfsráðgjafa, náms- og starfsfræðslu og starfsþróunar einstaklinga.“ útskýrir Jónína en félagsmenn eru um 300

í dag og starfa á mjög fjölbreyttum vettvangi, allt frá því að starfa innan menntakerfisins, þar með talið innan sí- og endurmenntunar, og í opinberum stofnunum, eins og Vinnumálastofnun og VIRK. Þó nokkrir félagsmenn starfa sjálfstætt.

**Aðgengi alltaf að verða betra**  
„Það er mat Félags náms- og starfs-

ráðgjafa að auka verði markvissa náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu innan skólastiganna þriggja og úti á vinnumarkaðnum. Aðgengi að upplýsingum um þróun vinnumarkaðar og framtíðarhorfur samhliða upplýsingum um framboð menntunar er einn af grunnþáttum í náms- og starfsvali einstaklinga. Við horfum með ánægju til vefsins naestaskref.is

sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur þróað og namsogstorf.is í umsjón lðunnar fræðsluseturs. Þeir eru mjög mikið notaðir af bæði almenningi og náms- og starfsráðgjöfum.

Eitt aðalverkfærið okkar er viðtalstækni og að hlusta, hlusta á þá sögu sem ráðþeginn segir, átta sig á hvaða áskoranir viðkomandi er að fást við, fræða og efla færni **»**



» til að stýra sínu fleyi, ef svo má að orði komast, þannig að þeir séu í stakk búinir til að stjórna náms- og starfsferli sínum,“ segir Jónína en hún hefur lengi verið virk í starfi Félags náms- og starfsráðgjafa. Hefur meðal annars skrifað talsvert um málefni náms- og starfsráðgjafar, tekið þátt í nefndarstórfum vegna síðareglna fyrir félagsmenn og átt faglegt samstarf um málefni stéttarinnar.

Þegar Jónína er spurð hvort félagsmenn séu yfirleitt virkir í starfi félagsins svarar hún: „Enginn maður er eyland og það skiptir mjög miklu máli að eiga faglegan vettvang. Það hefur ekki legið á þeirra liði þegar stjórn hefur kallað eftir álitni á málefnum tengdum náms- og starfsráðgjöf eða kallað eftir þátttöku félagsins í stefnumótandi málum tengdum faginu.“

### Afmælis dagskrá 28. október

Hvernig ætlið þið að halda upp á afmælið?

„Félag náms- og starfsráðgjafa mun halda upp á afmæli sitt með því að varpa sterku ljósi á náms- og starfsráðgjöf, hversu mikilvægt það er fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið að hafa aðgang að slíkri þjónustu. Við ætlum að halda upp á afmælið með margvíslegum hætti sem felst í því að gera starf félagsins sýnilegra og þar með náms- og starfsráðgjöf. Við boðum til dagskrár fyrir félagsmenn í tilefni af Degi náms- og starfsráðgjafar 28. október. Dagskráin fyrir hádegi er opin öllum í gegnum streymi. Ég vil sérstaklega benda á lykilfyrirlestur Tristram Hooley, prófessors við Inland Norway University of Applied Sciences, sem fer fram á ensku: Why we need career guidance in the post-pandemic era. Hann fjallar um mikilvægi náms- og starfsráðgjafar alla ævi, sérstaklega á þessum breyttu tímum í kjölfar Covid-19 faraldursins ásamt því að benda á hvernig hægt er að nýta stafrænar og rafrænar leiðir við upplýsingagjöf,“ segir hún.

### Mikilvægt starf

Jónína útskrifaðist frá Háskóla Íslands með diplómanám í náms- og starfsráðgjöf 1995 og lauk meistaranámi í ráðgjafarsálfræði frá University of Minnesota. „Ég starfa sem náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri við Háskóla Íslands. Þegar ég lit um öxl á minn náms- og starfsferil þá sé ég hvernig aðstæður, tækifæri og fyrri menntun mín leiddi mig inn í þetta fag. Ég er með B.Ed.-próf í grunninn og í gegnum kennslureynslu mína sá ég hversu mikilvægt það var fyrir ungmenni að hafa vitneskju um fjölbreytt tækifæri til náms og starfs í gegnum náms- og starfsfræðslu og þar með geta mótað sína lífsstefnu.“

### Af hverju valdir þú þetta nám?

„Já, þetta er mjög góð spurning og ein af kjarnaspurningum í náms- og starfsráðgjafarstarfinu. Ég vildi mennta mig betur á þessu fagsviði og öðlast sérfræðipækkingu. Ég sá þarna tækifæri til að öðlast sérhæfingu á fagsviðinu, koma heim, miðla og taka þátt í að efla fagið og starfið hér heima,“ svarar Jónína.

„Margt hefur breyst frá því ég útskrifaðist. Stærsta breytingin er sú að starfsheitið náms- og starfsráðgjafi hlaut lögverndun árið 2009 og endurspeglar mikilvægi fagþekkingar og þess að tryggja gæði ráðgjafar. Fjölbreytni námsframboðs hefur vaxið til muna og gerðar eru auknar kröfur um að einstaklingar sinni endurmenntun alla ævina. Þessar aðstæður sem felast í sibreytilegum vinnumarkaði, breyttum kröfum atvinnulífsins til hæfni og stafræn bylting kallar á að hver og einn öðlist hæfni til að stjórna náms- og starfsferli sínum. Þá má segja að ævilöng náms- og starfsráðgjöf komi til skjalanna,“ segir hún.



Dagur náms- og starfsráðgjafar er 20. október 2021

Dagur náms- og starfsráðgjafar á Íslandi er nú haldinn í fimmtánda sinn. Til hans var stofnað árið 2006 af Félagi náms- og starfsráðgjafa en tilgangur dagsins er að vekja athygli landsmanna á þessari tegund ráðgjafar og hvar hana er að finna ásamt því að kynna helstu strauma og stefnur í fag- og fræðigreininni.

Meginmarkmið náms- og starfsráðgjafar er að efla vitund einstaklinga um hæfileika sína, viðhorf og áhuga þannig að þeir geti notið sín í námi og starfi. Ráðgjöfinni er ætlað að auðvelda fólki, á hvaða aldri sem er og við hvaða aðstæður sem er, að átta sig á styrkleikum sínum, færni og áhuga til að eiga hægara með að ákveða stefnu í námi og starfi.

Náms- og starfsráðgjöf er lögbundin þjónusta og mikilvægt að tryggja aðgengi að henni, hvar sem maður er staddur á sínum náms- og starfsferli. „Að minnu mati er þetta rökrétt því eitt af meginverkefnum einstaklings í lífinu er að taka ákvarðanir um nám og störf og finna sína leið,“ segir Jónína Kardal, formaður félagsins.

Alþjóðasamfélagið leggur mikla áherslu á aðgengi að náms- og starfsráðgjöf og sérhæfða þjónustu er varðar starfsferilsþróun fyrir þegna sína sem leið til að stuðla að því að einstaklingar verði færari í að stjórna náms- og starfsferli sínum auk þess að ýta undir félagslegt réttlæti.

Það er fagnaðarefni að í nýrri menntastefnu stjórnvalda til 2030 undir kjörorðinu Framúrskarandi menntun alla ævi er náms- og starfsráðgjöf meðtalin í einni af fimm stöðum sem styðja við framtíðarsýnina, hæfni fyrir framtíðina.

Við boðum til dagskrár fyrir félagsmenn í tilefni af Degi náms- og starfsráðgjafar 28. október. Dagskráin fyrir hádegi er opin öllum í gegnum streymi.

„Margvísleg aðferðafræði hefur þróast til að styðja betur við einstaklinga og horft er meira til menntunar á starfsvettvangi, bæði formlegrar og óformlegrar. Ég vil nefna tilkomu raunfærnimats en það er leið til að meta þá færni og þekkingu sem öðlast má á vinnumarkaði. Það eru náms- og starfsráðgjafar á símenntunarstöðvum sem hafa verið að vinna í þessum málum undir forystu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Aðgengi að náms- og starfsráðgjöf hefur einnig breyst í takt við tæknina og stafræna byltingu. Náms- og starfsráðgjafar, eins og svo margar aðrar fagstéttir, umbyltu starfsháttum sínum á Covid-tíma og nýttu sér stafræna tækni til að styðja við ráðþega sína og færa þjónustuna nær þeim. Aðgengi að upplýsingum hefur breyst til batnaðar til dæmis með vefnum naestaskref.is sem

„Það er fagnaðarefni að í nýrri menntastefnu stjórnvalda til 2030, Framúrskarandi menntun alla ævi, er náms- og starfsráðgjöf meðtalin í einni af fimm stöðum sem styðja við framtíðarsýnina,“ segir Jónína.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur leitt þróun á og nýttist öllum sem vilja fræðast um nám og störf. Það skiptir mjög miklu máli að hafa aðgengi að vel framsettum upplýsingum og vönduðum um nám og störf, það styður við einstaklinginn í sínum ákvarðanatökum um framtíðarskref.“

### Unnið í lausnum

Þegar Jónína er beðin að lýsa starfi náms- og starfsráðgjafa og hvað sé skemmtilegast við það segir hún: „Starf í náms- og starfsráðgjöf er jafn fjölbreytt og ráðþegahópurinn. Eðli verkefna í náms- og starfsráðgjöf er mismunandi eftir því á hvaða vettvangi er unnið. Náms- og starfsráðgjafar eru talsmenn sinna ráðþega og styðja þá í að ná markmiðum sínum og árangri í námi og starfi. Í hnotskurn snýst starfið um samskipti, að nálgast einstaklinginn þar sem hann er, hlusta, styðja og vinna að lausnum sem viðkomandi getur fylgt eftir.

Það sem mér finnst skemmtilegast er að fá að hlusta á sögur fólks, það treystir mér fyrir ýmsu er við kemur upplifun þeirra af menntun og starfsreynslu. Það er að reyna að finna svör við stórum spurningum: Hvað á ég að gera núna? Hvað vil ég verða eða gera í framtíðinni? Hvernig kemst ég út á vinnumarkaðinn? Síðan aðstoða ég viðkomandi við að sjá málin út frá ýmsum sjónarhornum, bendi á upplýsingar til stuðnings og viðkomandi fer að vinna í sínum málum og verða sjálfstæðari. Starfsvettvangur náms- og starfsráðgjafa er auk þess fjölbreyttur, innan menntakerfisins, á símenntunarstöðvum, vinnumiðlunum, og í fyrirtækjum.

Mikilvæg samvinna er á milli náms- og starfsráðgjafa og fyrirtækja. Jónína segir hana mikilvæga. „Hún er helst í tengslum við verknað og iðn- og tækninám. Ein grunnstoð í náms- og starfsfræðslu er að vera í samvinnu við vinnumarkaðinn og atvinnulífið þannig að nemendur, hvar sem þeir eru staddir í námi, fái raunhæfa mynd af starfsvettvöngum og hvers konar menntun og hæfni liggur þar að baki. Hér má gera mun betur og það er von mín að það rætist með aðgerðaáætlunum menntastefnu 2030,“ segir hún.

### Með brennandi áhuga á faginu

Jónína hefur brennandi áhuga á faginu og áhrifamætti þess. Náms- og starfsráðgjöf hefur svo margvíslega snertifleti hvað samfélagið varðar. Hún segist vera forvitin að eðlisfari og njóta þess að uppgötva nýja hluti, prófa nýjar aðferðir í starfi og ekki síst að nýta tækni í náms- og starfsráðgjöf. „Að sjá hvernig það getur stutt undir framþróun í faginu og þjónustu í náms- og starfsráðgjöf. Ég hef notið þeirrar gæfu að starfa við það sem ég hef menntað mig til og starfa á vinnustaði þar sem ég upplifi suðupott fræða og framkvæmda og tengsl við atvinnulífið sterk,“ segir hún.

Jónína er fjölskyldumanneskja, gift og á tveir dætur á framhaldsskólaaldri. „Ég hef mjög gaman af blaki, tók þátt í Öldungablaki. Svo er magnað að ég finn að áherslur hvað áhugamál varðar eru að breytast. Hef mjög gaman af nýjungum eins og hlaðvarpi og hvers konar miðlun,“ segir hún aðspurð um áhugamálin fyrir utan vinnuna. ■

 FÉLAG NÁMS- & STARFSRÁÐGJAFJA

Þeir sem vilja fræðast nánar um starfið og félagið geta farið inn á heimasíðuna fns.is eða senda fyrirspurn á fns@fns.is



# Styðjum nemendur til sjálfstæðis

Heimir Haraldsson er náms- og starfsráðgjafi við Menntaskólann á Akureyri og stjórnarmaður í FNS. Hann hefur um 15 ára reynslu í faginu og hefur starfað á mörgum vettvöngum.

Heimir segir að það vera fjölbreytnina sem hafi heillað hann við þetta fag. „Að fá tækifæri til að vinna með einstaklingum og hópum í að efla eigin færni í að takast á við verkefni sem lúta að námi, starfi eða persónulega lífinu,“ útskýrir hann. Viðfangs efni náms- og starfsráðgjafa eru afar fjölbreytt. Við sinnum einstaklingsráðgjöf og hópráðgjöf. Ef ég tala fyrir framhaldsskólann þá hefur andlegri heilsu nemenda hrakað undanfarin ár og við aðstoðum nemendur við að takast á við það. Nám er lífsstíll og því er mikilvægt að nemendur kunni að verkefnastýra náminu sínu, með góðri tímastjórnun, markmiðasetningu, forgangsröðun, góðum vinnuvenjum og heilbrigðu líferni en nemendur leita til náms- og starfsráðgjafa með þessi mál. Við styðjum nemendur til sjálfstæðis og reynum að efla seiglu með því að benda á aðferðir sem skipta máli í skóla sem og í atvinnulífi,“ segir hann.

Þegar Heimir er spurður að hvaða leyti það skipti máli að leita aðstoðar hjá náms- og starfsráðgjafa, svarar hann: „Við leitum leiða til að bæta stöðu einstaklinga með því að fjárfesta í sjálfum sér, fjárfestingu sem aldrei verður



Heimir Haraldsson er náms- og starfsráðgjafi við Menntaskólann á Akureyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NIELSSON

tekin frá þeim. Þessi fjárfesting gæti til dæmis verið að fara í nám, skipta um starf, efla sjálfsmyndina, bæta lífsleiknina, bæta vinnubrögð, læra verkefnastýringu og allt þar á milli. Náms- og starfsráðgjafi segir engum að gera neitt heldur styður við einstaklinga í því sem þeir vilja breyta.“

Líðan nemenda í hinu daglega

starfi og persónuleg málefni koma heldur betur á borð náms- og starfsráðgjafa. „Það er ekki hægt að aðskilja líðan eða persónuleg málefni frá námi eða starfi. Traust og trúnaður eru lykilatriði í okkar starfi og líðan einstaklinga hefur áhrif á það hvernig ráðgjöf við veitum og hver markmiðin eru með ráðgjöfinni,“ segir Heimir

og bætir við að náms- og starfsráðgjafar starfi á sem flestum sviðum atvinnulífsins. „Má þar meðal annars nefna skólakerfið, Vinnuálastofnun og í mannauðsteymum fyrirtækja. Náms- og starfsráðgjafar skipta miklu máli fyrir atvinnulífið. Nám og störf framtíðarinnar eru alltaf að taka stórstígu breytingum. Störf eru

” Nám er lífsstíll og því er mikilvægt að nemendur kunni að verkefnastýra náminu sínu, með góðri tíma- stjórnun, markmiðasetningu, forgangsröðun, góðum vinnuvenjum og heilbrigðu líferni.

að hverfa og ný störf að koma í staðinn. Til þess að atvinnulífið geti fylgt þeim breytingum sem fram undan eru þarf í sífellu að efla færni starfsmanna með endurmenntun og fræðslu og þar geta náms- og starfsráðgjafa spilað lykilhlutverk,“ segir Heimir.

Þegar hann er spurður um eftirminnilegt atvik í sínu starfi er hann ekki seinn til svars: „Nemendur á leið í sjúkra- og upptöku- próf, ca. 40 nemendur, og ég fór að kanna líðan þessara nemenda. Allir frekar stressaðir en á þeim tímamarki tókst mér að ganga á glervegg af miklum þunga í votta viðurvist sem varð til þess að brúnin á nemendum léttist mjög mikið. Þetta var sennilega mitt besta ráð við prófkviða því allir nemendur stóðust sín próf eftir þessa upptöku.“ ■

# Gott að sjá nemendur blómstra

Ásthildur G. Guðlaugsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Kársnesskóla, segir gott og gagnlegt fyrir nemendur að fá fræðslu um námsmöguleika og framtíðarstörf að grunnskóla loknum.

„Mér hlýnar alltaf um hjartarætur þegar ég finn að starfið mitt skiptir máli fyrir nemendur,“ segir Ásthildur um það sem gefur henni mest í starfinu.

„Ég gleðst líka alltaf sérstaklega þegar ég hittir nemendur sem einhverra hluta vegna hafa átt erfitt uppdráttar í skólakerfinu en með elju hafa fundið sinn vettvang í námi eða starfi, og eru að blómstra þar.“

## Samskiptin heilla mest

Ásthildur heillaðist af náms- og starfsráðgjöf eftir að hafa fengið kynningu á starfinu á lokaári sínu í Kennaraháskólanum.

„Svo líðu reyndar mörg ár þar til ég dreif mig í námið en nú er ég að byrja mitt fjórtánda ár sem náms- og starfsráðgjafi,“ segir Ásthildur, sátt og sæl í sínu starfi.

„Það eru samskiptin sem heilla mig mest við fagið. Að fá að kynnst fjölbreyttri flóru nemenda og fá að vinna með þeim í að þroskast og eflast. Starfið er alveg gríðarlega fjölbreytt og enginn dagur er eins. Þess utan kynnist maður svo mörgu góðu fólki, samstarfsmönnum, foreldrum og öðrum náms- og starfsráðgjöfum sem eru að vinna fjölbreytt störf um allan bæ.“

## Ráðgjöf mikilvæg nemendum

Ásthildur telur víst að margir geri sér ekki grein fyrir hversu víða í atvinnulífinu má finna náms- og starfsráðgjafa, né hversu fjölbreytt störf þeirra eru.

„Í mínu starfi, sem grunn-

skólaráðgjafi, veiti ég nemendum meðal annars ráðgjöf og stuðning vegna líðan þeirra, ég aðstoða og ráðlegg nemendum varðandi námstækni, veiti náms- og starfsfræðslu, og aðstoða nemendur við að efla náms- og félagslegan þroska sinn. Verkefni hafa í raun ekki breyst mikið frá því ég hóf störf en auðvitað eru sífellt að bætast við ýmis tæki og tól sem við getum nýtt í starfinu,“ upplýsir Ásthildur.

Hún segir náms- og starfsráðgjöf gríðarlega mikilvæga fyrir grunnskólanemendur.

„Nemendur þurfa fræðslu um hvaða störf eru í boði úti í atvinnulífinu til að geta tekið farsælar ákvarðanir um nám og störf í framtíðinni. Þeir þurfa líka leiðsögn um hvaða nám leiðir þá að þeim störfum, en jafnframt hvort námið og starfið falli að þeirra áhugasviði.“

## Starfamessan gagnleg

Ásthildur hefur ásamt öðrum náms- og starfsráðgjafa í Kópavogi staðið nokkrum sinnum fyrir svokallaðri Starfamessu fyrir nemendur.

„Þar geta foreldrar og fyrirtæki komið og kynnt starfið sitt og ég er sannfærð um að slíkar kynningar geta opnað augu margra nemenda fyrir tækifærum í framtíðinni. Það er einmitt stór hluti starfsins að fræða nemendur um nám og störf að loknum grunnskóla og ég er sannfærð um að viðburður eins og Starfamessur og samstarf við atvinnulífið séu góð leið til þess. Á næstu árum munu störf breytast mikið og við þurfum fleiri nemendur sem velja iðn-, tækni- og listnám. Því finnst mér mikilvægt að opna augu nemenda fyrir möguleikunum sem slíkt nám getur veitt þeim,“ segir Ásthildur.



Ásthildur G. Guðlaugsdóttir er náms- og starfsráðgjafi í Kársnesskóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

” Á næstu árum munu störf breytast mikið og við þurfum fleiri nemendur sem velja iðn-, tækni- og listnám. Því finnst mér mikilvægt að opna augu nemenda fyrir möguleikunum sem slíkt nám getur veitt þeim.

Unglingar nýta sér ráðgjöf mest Nemendur á öllum stigum grunnskólans nýta sér þjónustu Ásthildur, en unglingar nýta sér þó námsráðgjöfina mest.

„Unglingarnir eru mikið að velta fyrir sér námi að loknum grunnskóla og því hvernig þeir geta bætt sig í náminu,“ greinir Ásthildur frá.

Sjálf segist hún hafa viljað hafa aðgang að náms- og starfsráðgjafa á sínum grunnskólaárum.

„Já, ég fylgdi bara straumnum og vissi ósköp fátt um möguleikana sem buðust að loknum grunnskóla. Því hefði verið bæði gagnlegt og gott að fá fræðslu um nám og möguleg framtíðarstörf eftir að grunnskólanum lauk,“ segir Ásthildur.

Hún sendir kærar afmælis- kveðjur til félagsins á þessum tímamótum og á sér einlæga afmælisósk.

„Hún er sú að starfsemin haldi áfram að eflast og að félagsmenn verði sýnilegir á sem flestum sviðum atvinnulífsins.“ ■



# Fjölbreyttari þjónusta og fleiri stafrænar lausnir

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands byggir á 40 ára grunni. Meginmarkmiðið er að styðja fólk við að þróa eigin starfsferil.

Náms- og starfsráðgjafar sem starfa hjá Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands (NSHÍ) veita einstaklingum heildstæða ráðgjöf og þjónustu frá því að þeir ihuga nám við skólann og þar til nemendur ljúka námi og stefna út í atvinnulífið, segir María Dóra Björnsdóttir, deildarstjóri hjá NSHÍ og doktor í náms- og starfsráðgjöf. „Meginmarkmiðið er að aðstoða einstaklinga við að átta sig á hvaða markmið þeirra hafa, eða vilja setja sér, varðandi nám og framtíðarstörf, það er að styðja fólk við að þróa eigin starfsferil. Náms- og starfsráðgjafar bjóða upp á einstaklingsviðtöl og námskeið, nýta samfélagsmiðla til að koma fræðslu á framfæri við nemendur, taka þátt í ýmsum samstarfsverkefnum, eiga fulltrúa í erlendu samstarfi og margt fleira.“

NSHÍ hét upphaflega Námsráðgjöf Háskóla Íslands (NHÍ) og var stofnuð árið 1981. „Lengi vel veittu námsráðgjafar HÍ upplýsingar og ráðgjöf um nám í framhaldsskólum ásamt því að þjónusta verðandi og skráða háskólastúdenta. Með tilkomu diplómanáms í námsráðgjöf árið 1991 og fjölgun menntaðra námsráðgjafa í skóla-kerfinu fjaraði þjónusta tengd framhaldsskólastiginu eðlilega út. Um svipað leyti og starfsheitið náms- og starfsráðgjafi fékk lögverndun samkvæmt lögum frá 2009 var heiti NHÍ breytt NSHÍ.“

## Meiri áhersla á starfsráðgjöf

Starfsemi NSHÍ hefur þróast mikið undanfarna tvo áratugi þó að kjarninn sé í grunninn svipaður



María Dóra Björnsdóttir, deildarstjóri hjá NSHÍ og doktor í náms- og starfsráðgjöf.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

segir María. „Við bjóðum upp á náms- og starfsráðgjöf, úrræði í námi og prófum og sálfræði-þjónustu. Það sem hefur aðallega breyst er fjölbreytni þjónustunnar og stafræn þróun hennar. Til dæmis er nú meiri áhersla á starfsráðgjöf en var fyrir tveimur áratugum sem birtist meðal annars í vinnustofum tengdum atvinnuleit, tilkomu Tengslatorgs Háskóla Íslands og Atvinnudögum fyrir háskólanemendur. Úrræði í námi og prófum eru í stöðugri þróun þar sem nemendahópurinn verður sífellt fjölbreyttari og fleiri tæknilausnir eru tiltækar.“

Sálfræðiþjónusta hefur auk þess

verið eflað verulega undanfarin misseri með fleiri stöðugildum sálfræðinga, HAM-námskeiðum og sálræktarhópum, bætir hún við. „Að lokum er aðgengi að þjónustu náms- og starfsráðgjafa mikið og fjölbreytt. Nemendur og allir sem ihuga nám við skólann geta nú valið að bóka viðtal á staðnum, fá viðtal í fjarfundarbúnaði eða símaviðtal. Auk þess svara náms- og starfsráðgjafar fyrirspurnum í netspjalli og tölvupósti.“

## Lagt mikið af mörkun

Í ár eru 40 á frá því Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands var stofnuð

og verður ýmislegt gert af því tilefni. „Við ætlum meðal annars að vekja athygli á því mikilvæga starfi sem fram fer hjá NSHÍ en við höfum verið leiðandi á mörgum sviðum og lagt mikið af mörkun við að móta fagstétt náms- og starfsráðgjafa á Íslandi. Í rúm 20 ár fóru allir nemendur í diplómanámi í námsráðgjöf í starfsþjálfun hjá okkur. Auk þess hafa náms- og starfsráðgjafar og sálfræðingar NSHÍ sinnt stundakennslu og verið meðleiðbeinendur í lokaverkefnum svo fátt eitt sé nefnt. Svo er aldrei að vita nema starfsfólk NSHÍ geri sér dagamun eða bjóði til fagnaðar.“

Úrræði í námi og prófum eru í stöðugri þróun þar sem nemendahópurinn verður sífellt fjölbreyttari og fleiri tæknilausnir eru tiltækar.

## Stöðugar breytingar

María hóf störf hjá NSHÍ árið 1999 þegar hún hét Námsráðgjöf Háskóla Íslands. „Það sem vakti áhuga minn á diplómanámi í námsráðgjöf var að læra að aðstoða einstaklinga við að átta sig á styrkleikum þeirra, viðhorfum og áhuga þannig að þeir ættu hægara með að marka sér stefnu í námi og starfi. Frá því ég hóf störf hér fyrir rúmum tveimur áratugum hef ég tekið þátt í ýmsum breytingum á þjónustunni, fyrst sem náms- og starfsráðgjafi og síðan sem deildarstjóri.“

Hún á von á því að fagið eigi eftir að þróast mikið á næstu 5-10 árum. „Ný störf eru sífellt að verða til og önnur breytast mikið eða hverfa. Það þýðir að fólk almennt þarf að sinna ævilangri endur- og símenntun til að viðhalda starfs- hæfni sinni og getu til að stjórna starfsferlinum. Ég geri því ráð fyrir að markkviss endur- og símenntun verði lykilatriði fyrir starfandi náms- og starfsráðgjafa.“ ■

# Vilji er allt sem þarf

Arnar Þorsteinsson hefur gríðarlega reynslu í náms- og starfsráðgjöf og segir Íslendinga stadda á spennandi tímamótum þegar kemur að nýtingu internetsins og alhliða upplýsingamiðlun um störf og námsleiðir.

Arnar lauk námi í náms- og starfsráðgjöf um aldamótin 2000 og eftir það starfaði hann hjá grunnskóla í 13 ár. „Ég hafði alltaf langmestan áhuga á því sem fellur undir náms- og starfsfræðslu, þá að ræða við ungt fólk um fjölbreytileika námsleiða og tengingu þess við atvinnulífið.“

Árið 2013 gafst mér tækifæri til að koma að gerð upplýsingavefs um nám og störf. Það tækifæri hefur undið upp á sig og hef ég starfað að tengdum verkefnum síðan. Þar vinn ég að tveimur vefjum, næsta-skref.is og svo namogstorf.is. Nám og störf er haldið úti af lóðunni fræðslusetri, Rafmennt og Samtökum iðnaðarins,“ segir Arnar.

## Næsta skref

Næsta skref er starfrækt af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. „Vefurinn var opnaður árið 2018 í núverandi mynd og höfum við verið að breyta honum og bæta síðan. Vefurinn er, líkt og samþættilgur vefir flestra OECD-ríkja í kringum okkur, almennur upplýsingavefur um námsleiðir og störf, hugsaður til að hjálpa við upplýsingaleit og aðstoða fólk við upplýst námsval og að efla sig í starfi.“

Vefurinn er mikið notaður og heimsóttu hann hátt í 60.000



Arnar vill auka vægi náms- og starfsfræðslu í grunnskólum og bæta almennt aðgengi fólks að náms- og starfsráðgjöf.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

manns á síðasta ári. Í upphafi var vefurinn hugsaður fyrir fullorðið fólk sem hafði ekki lokið námi á framhaldsskólastigi. Þegar við horfðum á sambærileg erlend vefsvæði sáu við að svona vefur gæti höfðað til mun breiðari hóps en svo. Núna eru flestir notendur fólk á þritugsaldri þó svo að fólk á öllum aldri virðist nýta sér vefinn. Fólk er að skoða fjölbreytileikann sem er í boði í námsleiðum og í atvinnulífinu, en fólk í dag skiptir örar um starf en áður og er alltaf að bæta við sig þekkingu jafnt og þétt út starfsferilinn,“ segir Arnar.

## Fyrirmyndirnar allt í kring

Arnar hefur birt fjölda greina um mikilvægi vefsvæða líkt og Næsta skref og Nám og störf. „Ég er að greina það hvert megi stefna með svona vefi og bera okkur saman við það sem nágrannaþjóðirnar eru að gera í upplýsingamiðlun og fræðslu um nám og þátttöku á vinnumarkaði. Ef við horfum til nágrannalandanna þá hafa þau, og sérstaklega Norðmenn, byggt upp mjög stórt kerfi þar sem svona vefsíður spila mikilvægt hlutverk. Norðmenn hafa stóreflt ráðgjöf og upplýsingamiðlun og þar talar til dæmis mjög vel saman rafræn ráðgjöf og upplýsingarnar á opinberri vefsíðu þeirra um nám og störf. Í greinunum hef ég skoðað hvort við gætum farið einhverjar svipaðar leiðir og Norðmenn í þessum efnum en það tekur auðvitað tíma. Við á Íslandi stöndum frammi fyrir spennandi möguleikum ef áhuga, vilja og kröftum okkar er beint í þá þátt.“

Eitt af því sem þarf að gera er að auka fjármagn til verkefnisins. Það gengur eiginlega ekki að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins standi ein að svo viðamiklu verkefni sem alhliða upplýsingavefur um nám og störf er. Ef vel á að vera þurfa fleiri að koma að. Draumurinn er vissulega að gera það sem Norðmenn hafa gert síðustu tíu ár; að byggja upp alhliða vefkerfi um störf og námsleiðir í tengslum við aukna náms- og starfsráðgjöf.“

## Grunnskólarnir sitja eftir

Arnar brennur auk þess fyrir auknu vægi náms- og starfsfræðslu í skólum, ekki síst grunnskólum. „Í Noregi er það skyldufag í öllum grunnskólum en ekki á Íslandi. Íslendingar hafa setið aðeins eftir og þarf að efla þetta fag mjög. Ég skrifaði grein um slíka fræðslu í 25 ára afmælisrit FNS árið 2007 og ef ég ætti að skrifa grein um sama efni í dag, þá myndi ég sennilega bara endurnýta þá grein, svo lítið hefur breyst síðan. Áherslan hefur verið annars staðar og þarna getum við gert miklu betur. Hér starfa margir hæfileika- og hugmynda- ríkir náms- og starfsráðgjafar en vægi þessa þáttar í þeirra starfi í grunnskólunum mætti vera mun meira og skipulagðara. Það sár- vantar raunar einnig heppilegt námsefni sem gerir ráðgjöfum í skólum enn erfiðara um vik. Það hefur hins vegar sýnt sig að náms- og starfsfræðsla skilar árangri en hana þarf að undirbúa vel í sam- vinnu skóla og atvinnulífs,“ segir Arnar að lokum. ■



# Frjó og áhrifamikil verkefni Vinnumálastofnunar

Hrafnhildur Tómasdóttir, sviðsstjóri ráðgjafar- og vinnumiðlunar hjá Vinnumálastofnun, segir verkefni stofnunarinnar til að vinna gegn atvinnuleysi bæði frjó og áhrifamikil. Þar má til dæmis nefna Nám er tækifæri og Hefjum störf.

Það er gríðarlegt högg fyrir allfesta að missa vinnu. „Það ógnar ekki bara afkomu heldur heggur það í sjálfsmyndina. Þetta á ekki síst við á Íslandi. Við virðumst hafa sterka tilhneingingu til að skilgreina okkur út frá störfum okkar og spyrjum gjarnan þegar við hittum samferðafólk: „Hvað gerir þú?“ Það er því afar mikilvægt, þegar afkoma hefur verið tryggð, að fólk fái stuðning við að takast á við atvinnumissi. Þá er ekki síst mikilvægt að greina þau tækifæri sem geta falist í slíkum breytingum, eins og tækifæri til að læra eitthvað nýtt og breyta til. Þar koma náms- og starfsráðgjafar sterkir inn.

Hópurinn, sem hefur haft færri tækifæri til náms, hefur verið mér sérstaklega hugleikinn. Sömu leiðis vil ég nefna mikilvægi starfsendurhæfingar og stuðnings við þá sem glíma við hindranir og skerðingar á starfsgetu. Það eiga allir að eiga rétt á að vera virkir þátttakendur á vinnumarkaði og leggja til samfélagsins,“ segir Hrafnhildur.

Hrafnhildur var í fyrsta útskriftarhópnum sem útskrifaðist frá HÍ með diplómanám í náms- og starfsráðgjöf árið 1991 og lauk meistaranámi 2019. „Ég byrjaði að starfa í skólakerfinu en bauðst svo starf hjá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu. Þar fékk ég tækifæri til að sinna ráðgjöf og stuðningi við atvinnuleitendur, fann fjölskipti mína og átti góðan tíma. Nánast allan minn starfsferil, hef ég unnið að slíkri ráðgjöf.“

Hrafnhildur hefur starfað hjá Vinnumálastofnun frá árinu 2005 þar sem starfa um 30 náms- og starfsráðgjafar. „Ansi margir úr stéttinni hafa haft viðkomu



Hrafnhildur Tómasdóttir segir að mikilvægi náms- og starfsráðgjafar eigi bara eftir að aukast með vinnumarkaði í hraðri þróun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

á sínum starfsferli hjá Vinnumálastofnun og höfum við verið einstaklega heppin með starfsfólk. Hjá okkur starfa líka ráðgjafar með fjölbreytta menntun eins og félagsráðgjafar, vinnusálfræðingar og þroskaþjálfar. Slík teymisvinna, þvert á starfsstéttir, er mikill styrkur fyrir þjónustuna.“

## Nám er tækifæri

Hrafnhildur segist vera lánsöm að fá að koma að skipulagi og framkvæmd fjölmargra vinnumarkaðsúræða hjá Vinnumála-

stofnun. „Þar langar mig að nefna átaksverkefnið „Nám er vinnandi vegur“ sem var sett af stað í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Atvinnuleitendum, sem höfðu verið án atvinnu í lengur en sex mánuði, bauðst að fara í fullt nám í eina önn á öllum skólastigum með óskertar atvinnuleysisbætur.

Það kom í ljós að brotthvarf úr námi hjá þessum hóp var minna en hjá samanburðarhópi. Ástæðan fyrir því er líklega sú að viðbótarfjármagn var sett í náms- og starfsráðgjöf í þeim skólum sem

**Verkefnið hefur nú þegar skilað okkur rúmlega 15.000 störfum sem leiddu til þess að samningar hafa verið gerðir um ráðningar tæplega 7.000 atvinnuleitenda.**

Hrafnhildur Tómasdóttir

tóku á móti atvinnuleitendum. Einnig hafði gott samstarf ráðgjafa Vinnumálastofnunar og ráðgjafa viðkomandi skóla mikið að segja og hefur árangurinn sýnt fram á gildi ráðgjafar. Verkefnið skilaði góðum árangri því aðeins lítið brot þátttakenda kom aftur inn á atvinnuleysisráðgjöf.

Í niðursveiflunni í kjölfar Covid-19, þar sem atvinnuleysi hefur aldrei verið meira, var afar nærtækt að grípa til sambærilegs úrræðis sem við köllum „Nám er tækifæri“. Úrræðið hefur staðið atvinnuleitendum til boða síðustu tvær annir og verður í boði í síðasta skipti á komandi vorönn. Færri hafa nýtt sér þetta úrræði en vonir stóðu til og má mögulega skýra það með áhrifum Covid á skólalífið. Nám hefur víða farið fram í fjarnámi sem getur verið áskorun fyrir þá sem ekki hafa verið lengi í námi. Eins eru margir atvinnuleitendur fyrst og fremst að biða eftir að komast í starfið sitt aftur. Mig langar að nota tækifærið og vekja athygli á þessu verkefni því það getur sannarlega verið upphafið að nýju tækifæri,“ segir Hrafnhildur.

Framtíðin er þó björt í kjölfar faraldursins. „Nú í september var skráð atvinnuleysi komið niður í 5% sem er jafn mikið og það var í

febrúar 2020, rétt fyrir Covid. Það fór hæst í 11,6% í janúar 2021 svo við getum sannarlega glaðst yfir árangrinum sem náðst hefur og ég leyfi mér að vera bjartsýn um framhaldið.“

## Ráðningastyrkur hefur störf

Verkefnið „Hefjum störf“ felst í því að veita ráðningastyrk til fyrir-tækja sem ráða atvinnuleitendur í vinnu. „Árangurinn af verkefninu hefur farið fram úr björtustu vonum. Langar mig að nota tækifærið og þakka fyrirtækjum og atvinnulífnum fyrir gott samstarf og góð viðbrögð. Verkefnið hefur nú þegar skilað okkur rúmlega 15.000 störfum sem leiddu til þess að samningar hafa verið gerðir um ráðningar tæplega 7.000 atvinnuleitenda.

Verkefninu lýkur um áramótin en þá tekur aftur við sambærilegt vinnumarkaðsúræði um ráðningastyrki sem lengi hefur verið í boði. Við vonum að Hefjum störf verði til þess að atvinnulífið þekki þennan valkost og nýti sér hann. Því reynslan sýnir að aðeins um 20% af þeim sem taka þátt koma aftur inn á atvinnuleysisráðgjöf þegar úrræðinu lýkur.“

## Framtíðin

Órar tæknibreytingar orsaka gríðarlegar breytingar á vinnumarkaðnum og hafa áhrif á þróun starfa og munu einstaklingar því þurfa að sýna fram á gifurlega aðlögunarhæfni. „Þar gegna náms- og starfsráðgjafar afar mikilvægu hlutverki bæði í skólum og með tilboð um ráðgjöf í gegnum allan starfsferilinn. Eftirspurnin eftir ráðgjöf varðandi starfsþróun út lífið mun fara vaxandi. Tæknibreytingar hafa líka haft áhrif á þróun ráðgjafar og opnað nýja samskiptaleið með tilkomu raf-rænnar ráðgjafar. Þannig nær náms- og starfsráðgjöf til enn stærri hóps á hagkvæmari hátt. Hér er sóknarfærni til að mæta vaxandi þörf starfsráðgjafar út lífið sem okkur ber að nýta.“ ■

## Árangursríkt norrænt samstarf

Félag náms- og starfsráðgjafa er hluti af norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa, sem tilheyra alþjóðasamtökunum. Þetta samstarf snýst um að efla tengslanetin og deila upplýsingum og hugmyndum sín á milli, en oft er auðvelt að yfirfæra hugmyndir milli Norðurlandanna.

„Þegar Félag náms- og starfsráðgjafa var stofnað árið 1981 varð félagið meðlimur í norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa, sem heita Nordiska förbundet för studie- och yrkesvägledning (NFSY), en þau samtök eru aðili að alþjóðasamtökum náms- og starfsráðgjafa, International Association for Educational and Vocational Guidance (IAEVG). Félög náms- og starfsráðgjafa á öllum Norðurlöndunum eiga sinn fulltrúa í NFSY,“ segir Greta Jessen, sem er fulltrúi í norrænu nefndinni ásamt Margræti Björk Arnardóttur.

„Þessir fulltrúar félaganna mynda stjórn sem hittist tvisvar á ári. Tveir fulltrúar frá hverju landi sitja í stjórn og hefur hvert land formennsku í samtökunum í þrjú

**Fulltrúar NFSY frá hverju landi eru tengiliðir inn í félag síns lands og geta aðstoðað náms- og starfsráðgjafa með að heimsækja kollega sína á Norðurlöndunum.**

Greta Jessen

ár í einu,“ útskýrir Greta. „Ísland er núna nýbúið að afhenda Svíum stjórnartauminn og þeir sjá um formennskuna næstu þrjú árin.“

## Styrkir tengslanetið verulega

„Meginmarkmið NFSY er að styrkja og standa vörð um náms- og starfsráðgjöf á Norðurlöndunum, að koma á tengslum og samstarfi fagfélaga í náms- og starfsráðgjöf og að koma fram fyrir hönd Norðurlandanna í alþjóðlegu samhengi innan alþjóðasamtak-



Greta Jessen segir að samstarf náms- og starfsráðgjafa á Norðurlöndunum skili margvíslegum ávinningi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

anna, IAEVG,“ segir Greta. „NFSY tókst líka að fá sinn fulltrúa inn í alþjóðasamtökin og nú á Guðbjörg Vilhjálmssdóttir sæti þar.

Virkir aðilar í NFSY undanfarin ár hafa, auk Íslands, verið Finnland, Danmörk, Svíþjóð og Noregur en Færeyjar, Grænland og Álandseyjar hafa tekið þátt að einhverju leyti og nú er verið að skoða áframhaldandi þátttöku þeirra,“ segir Greta.

„Eitt af áhersluatriðum NFSY er að efla tengslanet milli félagsmanna á Norðurlöndunum. Fulltrúar NFSY frá hverju landi eru tengiliðir inn í félag síns lands og geta aðstoðað náms- og starfsráðgjafa með að heimsækja kollega

sína á Norðurlöndunum og með annars konar samstarf,“ segir Greta. „Upplýsingar um alla tengiliði Norðurlandanna má finna á heimasíðu NFSY, nfsy.org.“

## Auðvelt að yfirfæra hugmyndir

„Það er löng hefð fyrir samstarfi milli Norðurlandanna í ýmsum málum. Þetta samstarf byggir á sameiginlegum gildum og áherslur eru svipaðar í málum eins og velferðar- og skólakerfinu. Því er auðvelt að yfirfæra hugmyndir á milli Norðurlandanna og oft er fyrsta skrefið að kanna hvernig málum er háttað hjá nágrönnum okkar,“ segir Greta. „Í NFSY skiptast náms- og starfsráðgjafar á Norður-

löndunum líka á skoðunum og upplýsingum um hluti eins og til dæmis starfsskilyrði, reynslu og rannsóknir.

Norræna samstarfið hefur eflt samvinnu Norðurlandanna á síðustu árum, ásamt því að auka samstarfið við Nordisk Netværk for Boksnes Læring (NVL), sem er norrænt tengslanet um full-orðinsfræðslu,“ segir Greta. „NVL er byggt upp á tengslanetum sem vinna þverfaglega yfir öll Norðurlöndin og byggir á norrænu samstarfsmódeli.“ ■

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu NFSY: nfsy.org.



# Sólskinssögurnar gleðja mest

Hildur Elín Vignir er ein af þeim fyrstu sem luku námi í náms- og starfsráðgjöf.

„Ég á skemmtilega sögu úr námi mínu og lífi sem náms- og starfsráðgjafi. Ég hóf námið 1991 og gekk þá með dóttur mína fyrstu mánuðina. Nú í vor útskrifaðist hún úr sama námi og byrjaði að vinna við fagid í haust. Því má segja að dóttir mín hafi byrjað að læra í móðurkviði og víst vildi hún feta í fótspor móður sinnar,“ segir Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri Iðunnar.

Hildur er kennari að mennt en heillaðist af náms- og starfsráðgjöf í Kennaraháskólanum og ákvað að fara beint í námið eftir útskrift.

„Mig langaði til að vinna að frekari þróun kennarastarfsins í stað þess að vera eingöngu í kennslu. Eftir útskrift starfaði ég þó ekki lengi í skólakerfinu heldur réð mig sem fræðslufulltrúa hjá Eimskip í janúar 1995 og þaðan fór ég í starf fræðslustjóra hjá Íslandsbanka. Síðan starfaði ég um sex ára skeið við ráðgjöf, eða þar til ég réð mig til Iðunnar fyrir fimmtán árum. Það sýnir hvað náms- og starfsráðgjafar koma víða við í atvinnulífinu, en starfsvettvangur okkar hefur breiknað mikið síðan við í fyrstu hópunum voru að útskrifast og hefja okkar störf.“

**Stöðug eftirspurn eftir fagfólki** Í starfi framkvæmdastjóra starfar Hildur ekki við náms- og starfsráðgjöf í dag, en hjá henni í Iðunni starfa fimm náms- og starfsráðgjafar.

„Við sjáum um fræðslumiðlun og símenntun fyrir iðnaðarmenn og höldum utan um framkvæmd raunfærnimats og ráðgjöf til þeirra sem starfað hafa sem iðnaðarmenn en ekki lokið formlegu námi. Við förum með það fólk í gegnum raunfærnimatsferli og hjálpum því að læra og taka sveinspróf. Einnig sjáum við um framkvæmd sveinsprófa og tökum þátt í ýmiss konar þróunarverkefnum sem stuðla að aukinni þekkingu í íslenskum iðnaði,“ upplýsir Hildur.

Iðan heldur líka úti vefnum namogstorf.is, sem og öflugum kynningarstarfi um nám og námskeið í iðnaði, til dæmis með verkefninu Verkin tala.

„Nám og störf er mjög öflugt verkfæri sem náms- og starfsráðgjafar um land allt nota í námsráðgjöf fyrir ungt fólk, en í dag er mikill skortur og stöðug eftirspurn eftir tæknimenntuðu fólki og fagmenntuðum iðnaðarmönnum í flestöllum greinum og fyrirsjáanlegt í komandi framtíð,“ greinir Hildur frá.

**Vel hægt að opna augu allra** Hildur mælir hiklaust með því að ungt fólk og leitandi sækir sér ráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjöfum.

„Mjög oft erum við að horfa úr þröngum ranni á framtíðarhorfur okkar og erum þar af leiðandi ekki nógu opin fyrir öllum möguleikum og tækifærunum á atvinnumarkaði. Að mínu mati er hægt að opna augu allra fyrir náms- og starfsmöguleikum. Tækifærin eru gríðarlega mörg í dag og fjölbreytni á vinnumarkaði mun meiri



Hildur Elín Vignir er framkvæmdastjóri Iðunnar fræðslusteturs.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Því fylgir mikil gleði að taka mót bjartri framtíð með sveinspróf upp á vasann.**

en áður var. Því ættu allir að geta fundið farveg fyrir áhugasvið sitt og hæfni, og hægt að hjálpa öllum með góðum árangri, svo að fólk finni sína hillu, sama hversu blint það var áður á möguleika sína,“ segir Hildur.

**Gefandi að sjá fólki farnast vel** Það sem heillar Hildi hvað mest í náms- og starfsráðgjöf er að vinna með fólki og geta leiðbeint því á þroskaferli þess og starfsleið. „Mér finnst langmest gefandi

að sjá fólk þróast og þroskast á sinni vegferð og farnast vel. Það sem stendur upp úr núna er allur sá fjöldi sólskinssagna sem maður hefur upplifað í gegnum starfið þegar við höfum hjálpað einstaklingum að fara í gegnum raunfærnimat og klára sitt nám. Það eru svo margir sem koma til okkar með skert sjálfstraust eftir að hafa mætt erfiðleikum í skólagerð sinni og því verður svo mikil upplifun, gleði og jákvætt skref fyrir einstaklingana að klára loks námið og taka á mót bjartri framtíð með sveinspróf upp á vasann,“ segir Hildur, sæl í sínu starfi.

„Starf náms- og starfsráðgjafa getur líka tekið á, bæði í skólakerfinu og atvinnulífinu. Þeir þurfa oft og iðulega að vinna að þungum og erfiðum persónulegum málum,

með einstaklingum í erfiðum aðstæðum og vanlíðan, og þar sem fólk hefur til dæmis misst vinnu og lífsviðurværi sitt.“

**Afmælisoðsk til félagsins**

Á fjórutíu ára afmæli Félags náms- og starfsráðgjafa skilar Hildur kærri afmæliskveðju.

„Félagið hefur þróast mikið síðan það var stofnað á sínum tíma og ég vil gjarnan sjá það halda áfram á sömu braut, sem öflugt félag sem heldur áfram að styðja við framhaldsnám og störf náms- og starfsráðgjafa, til að efla færni félagsmanna sinna og tileinka þeim nýjustu leiðir í ráðgjöf. Ég óska félaginu innilega til hamingju með afmælið og óska þess að því haldi áfram að farnast vel og dafna.“ ■

## Menntun mikilvægur hluti af betrun fanga

Klara Guðbrandsdóttir segir að fangar fái aðstoð við að finna sér farveg í námi og þeim bjóðist ýmsir möguleikar. Hún segir nauðsynlegt að bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf því menntun geti verið mikilvægur hluti af betrun og að kerfið hafi brugðist mörgum fongum.

Klara Guðbrandsdóttir er náms- og starfsráðgjafi hjá fangelsum landsins. Hún segir hlutverk náms- og starfsráðgjafa í fangelsum fjölbreytt, en það gengur út á að veita viðtöl, hópráðgjöf, fræðslu, kennslu, áhugasviðsgreiningu, styrkleikapróf og hafa samskipti við stofnanir og jafnvel foreldra. Fangar hafa aðgengi að ýmiss konar námi, bæði í fjarnámi og í gegnum skóla á Litla-Hrauni og Sogni. Ráðgjöfinni er ætlað að auðvelda fongum, á hvaða aldri sem er og við hvaða aðstæður sem er, að átta sig á styrkleikum sínum, færni og áhuga til að eiga hægara með að ákveða stefnu í námi og starfi.

„Það hefur verið náms- og starfsráðgjafi í fangelsunum í um 10 ár í mjög misjöfnu starfshlutfalli, en ég er í 100% starfi við að sinna Litla-Hrauni, Hólmsheiði og Sogni og svo er ein sem er í 15% starfi frá Fjölbrotaskóla Snæfellinga sem sinnir Kvíabryggju,“ segir Klara. „Við vinnum eftir heildstæðri stefnu náms- og starfsráðgjafar, en ég og kennslustjórinn á Litla-Hrauni vorum í vinnuhópi á vegum ráðherranefndar til að móta þessa stefnu og þeirri vinnu lauk 2020. Í því samstarfi sá ég að við á Íslandi stöndum framfarlega á



Klara Guðbrandsdóttir er náms- og starfsráðgjafi hjá fangelsum landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þessu sviði, sem var mjög gaman að sjá,“ segir Klara. „Það er gaman að geta borið sig saman við nágrannalöndin og séð og sagt að við séum fagleg og að vinna gott starf og núna eru öll Norðurlöndin að vinna eftir sömu stefnu í náms- og starfsráðgjöf í fangelsum.“

**Ýmsir möguleikar í boði** „Allir fangar hafa aðgang að náms- og starfsráðgjafa og þeir eru duglegir að nýta þessa þjónustu,“

þeir geta gert til að byggja sig upp. Sumir eru bara að stoppa stutt, því þeir eru í gæsluvarðhaldi en ekki að aflána dóm, og þá förum við oft yfir námsferilinn og skipuleggjum námsferilsáætlun “ segir Klara. „Svo hjálpum við fongum að sækja um í skólum, skoða styrkleika, áhugasvið, vinnumarkaðinn og fleira þess háttar.

Á Litla-Hrauni og Sogni rekur Fjölbrotaskóli Suðurlands skóla. Þar getum við boðið fongum nám á framhaldsskólastigi burtséð frá annakerfi og öðrum takmörkunum, þannig að fangi sem hefur áhuga getur byrjað strax í námi um leið og hann kemur í fangelsið,“ segir Klara.

**Annakerfið og skert tölvuaðgengi skapar áskoranir** „Starfinu fylgja margar áskoranir. Það er í fyrsta lagi ákveðin áskoranir að vinna í fangelsi, en ég upplifi mig samt örugga þar,“ segir Klara. „Það eru líka rosalega margar áskoranir varðandi það að hjálpa fólki að komast í nám. Skólakerfið er rekið í annakerfum en fangar koma í fangelsi allt árið, ekki bara á annaskiptum, og svo hafa kvenfangar á Hólmsheiði bara aðgang að fjarnámi, því þar er enginn skóli. Það er dýrt fyrir fangana og dagsetningarnar skipta miklu máli.

Það er líka erfitt fyrir fólk sem er á háskólastigi að hafa skert tölvu- og netaðgengi í lokuðu fangelsi og því skiptir máli hvaða námsleið fólk velur og það þarf oft að finna alls konar lausnir til að vinna í kringum öryggisreglur fangelsanna,“ segir Klara. „Það er næstum

alltaf hægt að finna leiðir, en þetta getur verið flókið.

Fangar hafa aðgang að öllu fjarnámi, svo framfarlega sem það rímar við öryggisreglur í fangelsinu þeirra. Það skiptir samt máli hvar þú ert og hvort þú ert í opnu eða lokuðu úrræði,“ útskýrir Klara. „En það hefur bara einu sinni komið upp tilvik þar sem nám gekk ekki upp.“

**Kerfið bregst mörgum**

Klara segir að það sé mjög mikilvægt að veita fongum náms- og starfsráðgjöf því margar rannsóknir sýni að menntun sé góð betrun. Hún segir það líka mjög gefandi að veita ráðgjöf.

„Ég er búin að heyra ofboðslega margar sögur frá fólki sem upplifði sig utangátta í skólakerfinu mjög snemma. Margir kvarta undan því og segja að þörfum þeirra hafi ekki verið mætt,“ segir Klara. „Það eru margir sem koma í fangelsi sem hafa slæma reynslu úr námi en komast svo að því að þeir eiga alveg jafn mikinn séns og allir aðrir.

Í venjulegu námsumhverfi mætti segja að kannski, ef ég giska, um 20% af nemendum séu með námsörðugleika, athyglisbrest, hegðunarvanda og slíkt, en hjá okkur glímur yfirgnæfandi meirihluti við slíkar áskoranir,“ útskýrir Klara. „Því eru mjög margir sem leita til mín sem hafa litla trú á eigin getu og eru óöruggir. Svo sér maður fólk blómstra og öðlast trú á eigin getu. Það er ofboðslega gaman að heyra fólk segja „ég vissi ekki að ég gæti lært“ og það er mjög oft í viku sem ég hugsa, „þetta er ástæðan fyrir því að ég er hérna.“ ■



# Fag sem þróast í takt við kröfur samfélagsins

Náms- og starfsráðgjafar á Íslandi hafa þá sérstöðu að geta starfað á þremur skólastigum, í framhaldsfræðslunni og á Vinnumálastofnun. Mikill vöxtur hefur verið í stéttinni undanfarna áratugi.

Dr. Guðbjörg T. Vilhjálmsdóttir, prófessor í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands, hefur leitt menntun náms- og starfsráðgjafa frá upphafi náms árið 1991 og hefur fyrir vikið haft mikil áhrif á námið og fagið sjálf hér á landi undanfarna áratugi. Hún segir ýmislegt standa upp úr þegar hún horfir til baka. „Nám í námsráðgjöf var eins árs diplóma að loknu BA/B.Ed.-námi frá 1990-2004, eftir það var það tveggja ára MA-nám í náms- og starfsráðgjöf. Sú breyting var stór og lagði grunn að lögverndun starfsins. Það sem stendur upp úr er auðvitað að vel hefur tekist til, við höfum fengið til liðs við okkur góða nemendur og góða kennara. Þegar það gerist verður til þessi galdur sem áður fyrr kallaðist góður bekkjarandi. Ég gæti líka nefnt brautryðjendastarf í fjarkennslu sem hófst 2001 eða kennslu í fjölmenningsráðgjöf sem hófst 2000.“

Guðbjörg er auk þess varaforseti í alþjóðlegu samtökunum International Association for Educational and Vocational Guidance en hún var jafnframt sú fyrsta sem fékk viðurkenningu félagsins fyrir mikilvæg störf í þágu náms- og starfsráðgjafar í tilefni af Degi náms- og starfsráðgjafar árið 2006.

## Stéttin er mikilvæg

Hún segir alveg ljóst að náms- og starfsráðgjafar hafi haft mikla þýðingu fyrir íslenskt samfélag. „Ég hitti reyndan grunnskólastjóra fyrir nokkrum árum sem sagði mér að hans mat væri að tilkoma náms- og starfsráðgjafa í grunnskólana hefði verið mesta bylting í skólastarfi á hans langa starfsferli. Það má líka benda á nýútkomna matskýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins: Náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum á Íslandi. Hún gefur jákvæða mynd af starfinu, en segir jafnframt að skipuleggja þurfi aðstoð í grunnskólum betur, ásamt því að bæta aðstöðumun milli byggðarlaga. Nú er ég bara búin að tala um grunnskólann, en sama má segja um framhaldsskólastigið, háskólastigið, framhaldsfræðsluna og Vinnu-



Dr. Guðbjörg T. Vilhjálmsdóttir er prófessor í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Hún hefur leitt menntun náms- og starfsráðgjafa hér á landi frá upphafi náms við Háskóla Íslands árið 1991.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

málastofnun, en fagleg náms- og starfsráðgjöf fer fram á öllum þessum sviðum samfélagsins okkar.“

## Íslands hefur sérstöðu

Að sögn Guðbjargar hafa náms- og starfsráðgjafar á Íslandi þá sérstöðu að geta starfað á

þremur skólastigum, í framhaldsfræðslunni og á Vinnumálastofnun. „Í öðrum löndum koma margar starfsstéttir að þessu verki, með ólíka menntun og því geta þessir hópar oft átt erfitt með að skilja hver annan enda eru notuð ólík hugtök sem eiga sér upptök í ólíkum fræðaheimum. Náms- og

starfsráðgjafar eru, held ég, eini faghópurinn í íslensku menntakerfi sem starfar með fólki frá upphafi skólagöngu og til starfsloka um sjötugsaldur. Þetta í sjálfu sér skapar verðmæta vitneskju um alls kyns áskoranir og vandamál sem fólk á öllum aldri er að glíma við á starfsferlinum.“

inu. Guðný Rósa hefur á ferli sínum vakið mikla athygli fyrir pappír- verk sín og þau eru afar áberandi á þessari yfirlitssýningu. Guðný Rósa notar fjölbreyttan pappír eins og kalkpappír, arkitektapappír, vegg- fóður og prentpappír. Pappírsvörkin eru gerð af nákvæmni og eru gjarnan skorin út, teiknuð með finlegum blý- anti, saumuð með tvinna og ólíkum efnum jafnvel skeytt saman.

„Ég hef alltaf teiknað. Þegar ég var krakki og var með pappír og blýant fyrir framan mig þá fannst mér ég geta gert allt. Snertingin við pappírinn finnst mér heillandi. Það er hægt að skera sig á pappír en svo getur hann orðið að engu í vatni og þegar maður brýtur hann saman situr línan eftir.“

Hefur hún fegurðarsjónarmið í huga við listsköpun: „Ég hugsa ekki endilega um það en ég held samt að það að hrífast og vera heillaður skipti ölli máli í listsköpun.“

Ég gleymi mér í vinnunni eins og maður getur gleymt sér uppi á fjöllum. Myndlistin er hluti af fjöl- skyldunni og ég er alltaf að.“ ■

## Rétt fólk og rangt

BÆKUR

### Merking

**Friða Ísberg**  
Útgefandi: Mál og menning  
Fjöldi síðna: 266

Kristján Jóhann Jónsson

Hvort viljum við frekar búa í öruggu eða réttlátu samfélagi? Er samkennd með öðru folkli til hagsbóta eða trafala? Er ekki hægt að fá það á hreint hvaða fólk er eðlilegt? Slíkar spurningar eru á sveimi í skáldsögu Friðu Ísberg og tengjast við tímann ef svo mætti segja. Á samfélagsmiðlunum er sannleikurinn allra sveita kvikindi. Allflestir eiga kost á því að tjá sig og staðhæfa hvað rétt sé og rangt. Ekkert stenst hundinni lengur!

Skáldsagan Merking er framtíðar- saga sem gerir ráð fyrir því að við verðum eftir nokkra áratugi komin

í erfiða stöðu. Fólk tekur þá sam- kenndarpróf og standist það prófið, verður það merkt sem heilbrigt, fer í kladda sálfræðingafélagsins, getur fengið að búa í merktum hverfum og fengið löggæslu allan sólarhringinn. Þeir sem falla á prófinu eða neita að taka það fá hvorki húsnæði né virðingarverða vinnu, halda sér gangandi á eiturlyfjum og afla tekna sem þjófnaðarþrælar eða eitthvað þaðan af verra. Inn í sögufléttuna er byggð þjóðaratkvæðagreiðsla um það hvort samkenndarprófið verði lögleitt eða ekki.

Fjórar persónur eru í aðalhlutverki til skiptis. Ung kona sem heitir Vetur og starfar við kennslu, önnur ung kona, Eyja, sem starfar við fjármála- fyrirtæki, sálfræðingurinn Ólafur sem er að reyna að fá samkenndar- prófið lögleitt og hinn ungi Tristan sem er á hrakhólum. Líf þeirra hverf- ist á yfirborðinu um samkenndar-



prófið og „merkinguna“. En um leið og það gerir það – er það einmitt ekki þannig og að þessu leyti er skáld- sagan spennandi og ófyrirsjáanleg. Líf persónanna verður andstætt hlutskipti þeirra og sjálfsskilningi. Ef til vill er tilvera lesenda einnig mótsagnakennd og erfitt að fá það á hreint hvað er rétt og eðlilegt.

Merking persónanna í skáld- sögunni visar á yfirborðinu til þess „að merkja“ en þegar nánar er að gáð einnig til inntaks eða þýðingar. Fólk er merkt, en það er að ein- hverju leyti til þess að það geti hætt að leita að merkingunni í lífi sínu.

Stíllinn er áhugaverður. Þegar sögunni vikur að þeim sem minna mega sín koma inn málfarseinkenni sem margir tengja við lægri stéttir og minni menntun, eða kalla mál- villur og slettur, og Tristan til dæmis þarf að ráðfæra sig við gervigreind- ina þegar gamall maður hvetur

hann til dáða. Það er ágæt hug- mynd að skilja milli persóna með málfari og víða notuð í erlendum bókmenntum en þá er oft sterkari málfarshefð í baksýn, jafnvel stétt- bundið málfar kynslóða og land- svæða. Lesandinn veit þá fyrir fram að svona talar persóna sem tengist þessari stétt eða menntunarstigi. Í íslensku er held ég meiri óreiða á þessu og þetta stílbragð þar af leið- andi mjög vandmeðfarið.

Myndmálið er oft skemmtilegt, tvíbent og ísmeygilegt. Það er hægt að „láta sig síga ofaní söguna eins og heitan pott“, svo dæmi sé tekið úr textanum sjálfum. ■

**NIÐURSTAÐA:** Frumraun í skáld- sagnagerð en það skiptir ekki máli. Áður voru komin öflug ljóð og smá- sögur sem sýna styrk höfundarins. Þetta er skemmtileg skáldsaga sem dypkar við ihugun.



## Kvennaklefinn



## Kvennaklefinn

Miðvikudaga kl. 20.00

Heimsborgaralegur, hreinskilinn, fjörugur, óvenjulegur og skemmtilegur þáttur fyrir konur, um konur í umsjá Margrétar Erlu Maack ásamt Sölu Gullbrá, Brynhildi, Maríönnu og gleðibombunni og dragdrottningunni Gógó Starr.



## Miðvikudagur

## Hringbraut

- 18.00 433.is (e)** Frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Saga og samfélag** Þáttur þar sem málefni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknnum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.00 Kvennaklefinn** Heimsborgaralegur, hreinskilinn, fjörugur, óvenjulegur og ótrúlega skemmtilegur þáttur fyrir konur, um konur.
- 20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.

## RÚV Sjónvarp

- 11.00 Heimaleikfimi**
- 11.10 Kastljós**
- 11.25 Menningin**
- 11.30 Manstu gamla daga? Ljóðin við lögin**
- 12.20 Af fingrum fram** Magnús Þór Sigmundsson.
- 13.00 Líkamstjani - Atvinnuviðtal**
- 13.40 Söngvaskáld** Jón Hallur Stefánsson.
- 14.30 Heilabrot**
- 15.00 Kveikur**
- 15.35 Á tali við Hemma Gunn**
- 16.25 Sama-systur**
- 16.55 Erilsómustu borgir heims**
- 17.50 Táknálsfréttir**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Múminálfarnir**
- 18.23 Hæ Sámur**
- 18.30 Sjóræningjarnir í næsta húsi**
- 18.41 Eldhugar - Phoolan Devi - ræningjadrottningin**
- 18.45 Krakkafréttir**
- 18.50 Lag dagsins** Hvað ef Flytjandi: GDRN (Guðrún Ýr Eyfjörð Jóhannesdóttir). Höfundur: Guðrún Ýr Eyfjörð Jóhannesdóttir.
- 18.54 Vikinglöttó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 19.50 Menningin**
- 20.00 Kiljan**
- 20.40 Meistarinn - Marianne Lindberg De Geer Mästaren**
- 21.10 Neyðarvaktin Chicago Fire**
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 List í borg - Bakú Secret Cities**
- 23.15 Stíflan brestur #metoo Nu fár det vara nog! #dammenbrister #metoo Þögnin rofnaði á heimsvísu með #metoo-byltingunni, en #dammenbrister-byltingin í Svíþjóð og Finnlandi færði athyglina enn nær.**
- 00.10 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

- 09.15 LET Tour** Útsending frá Aramco Team Series - New York.
- 13.10 European Tour - Highlights**
- 13.55 PGA Highlights**
- 14.50 LET Tour - Highlights**
- 15.35 LET Tour** Útsending frá Aramco Team Series - New York.
- 19.30 Champions Tour Highlights**
- 20.30 LET Tour** Útsending frá Aramco Team Series - New York.

## Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.05 Missir**
- 15.40 The Unicorn**
- 16.05 Single Parents**
- 16.50 The King of Queens**
- 17.10 Everybody Loves Raymond**
- 17.35 Dr. Phil**
- 18.20 The Late Late Show**
- 19.05 The Block**
- 20.10 Survivor**
- 21.00 New Amsterdam**
- 21.50 Good Trouble**
- 22.35 Interrogation**
- 23.20 The Late Late Show**
- 00.05 How to Get Away with Murder**
- 00.50 The Resident**
- 01.35 Walker**
- 02.20 Reprisal**

## RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Segðu mér**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Á reki með KK**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegjöld Fyrri og seinni hluti**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegjöld**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Afganistan í öðru ljósi**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Svona er þetta**
- 16.00 Siðdegisfréttir**
- 16.05 Viðsjá**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestin**
- 18.00 Spelliginn**
- 18.30 Hlustaðu nú!** Hvað eru Sölvi og Guðrún að hlusta á?
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Endurómur úr Evrópu**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.40 Kvöldsgagan. Í verum, fyrra bindi (19 af 27)**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Samfélagið**
- 23.05 Lestin**
- 00.00 Fréttir**

## Stöð 2 Bíó

- 11.45 Impractical Jokers. The Movie**
- 13.15 August Creek**
- 14.40 Johnny English Reborn**
- 16.20 Impractical Jokers. The Movie**
- 17.50 August Creek**
- 19.20 Johnny English Reborn**
- 21.00 Richard Jewell** Sannsókguleg mynd frá 2019 í leikstjórn Clint Eastwood.
- 23.05 The Hangover Part 2**
- 00.45 Peppermint** Hefndartrýllir um konu, Riley North, sem upplifir veröld sína hrynja til grunna þegar eiginmaður hennar og ung dóttir þeirra eru myrt af byssumönnum völdugs glæpa- og eiturlyfjakóns sem einnig hefur marga lögreglumenn í vasanum.
- 02.25 Richard Jewell**

## Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.15 The Mentalist**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Grey's Anatomy**
- 10.05 All Rise**
- 10.50 Your Home Made Perfect**
- 11.45 Nostalgia** Júlíana Sara er með króníska nostalgíu og ætlar að fá útrás fyrir hana með því að gramsa í gömlum íslenskum sjónvarpsþáttum.
- 12.15 Friends**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 Um land allt**
- 13.25 Hvar er best að búa?**
- 14.20 Gulli byggir**
- 14.50 Besti vinur mannsins**
- 15.15 Hell's Kitchen**
- 15.55 Temptation Island**
- 16.50 Sendiráð Íslands** Vandadír þættir í umsjón Sindra Sindrasonar. Sendiráð Íslands eru yfir tuttugu talsins en við förum í níu þeirra viðsvegar um heiminn.
- 17.40 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakkinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.05 Afbrigði**
- 19.35 Jamie's Easy Meals for Every Day**
- 20.00 Amazing Grace**
- 20.55 Grey's Anatomy**
- 21.40 Intruder**
- 22.30 Sex and the City**
- 23.00 Chucky**
- 00.00 NCIS. New Orleans**
- 00.50 Tell Me Your Secrets**
- 01.35 The Mentalist**
- 02.15 All Rise**
- 03.00 Your Home Made Perfect**
- 03.55 Friends**

## Stöð 2 Sport

- 07.50 Valur - ÍBV** Útsending frá leik í Olís deild karla.
- 09.15 4. umferð** Leikirnir í Olís deild karla krufnir.
- 10.35 Körfuboltakvöld karla**
- 11.35 2. umferð** Helstu tilþrífir úr leikjum í Subway úrvalsdeild karla í körfubolta
- 12.20 Keflavík - Stjarnan**
- 14.00 Valur - Breiðablik** Útsending frá leik í Subway deild kvenna í körfubolta
- 15.40 Grindavík - Njarðvík**
- 17.20 Körfuboltakvöld kvenna**
- 18.20 Keflavík - Grindavík** Bein útsending frá leik í úrvalsdeild kvenna í körfubolta.
- 20.20 Skallagrímur - Breiðablik** Bein útsending frá leik í úrvalsdeild kvenna í körfubolta.
- 22.20 Keflavík - Grindavík**
- 00.00 Skallagrímur - Breiðablik**

## Stöð 2 Sport 2

- 06.00 Club Brugge - Manchester City**
- 07.40 PSG - Leipzig**
- 09.20 Shakhtar - Real Madrid**
- 11.00 Meistaradeildarmörkin**
- 11.55 Lille - Sevilla** Bein útsending frá leik í UEFA Youth League.
- 13.55 Atletico Madrid - Liverpool** Bein útsending frá leik í UEFA Youth League.
- 15.55 The Fifth Quarter**
- 16.10 Milwaukee Bucks - Brooklyn Nets**
- 18.15 Meistaradeildin - Upphitun**
- 18.50 Manchester United - Atalanta** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 21.00 Meistaradeildarmörkin**
- 21.45 Þjóðadeildin 2021**
- 22.30 Barcelona - Dynamo Kiev**
- 00.10 Zenit - Juventus**



# MARKAÐURINN



## Markaðurinn

Miðvikudaga kl. 19.00

Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf þar sem farið er yfir helstu viðskiptafréttir vikunnar ásamt öðru því sem hæst ber hjá í efnahagslífinu hverju sinni. Þættinum stýra þau Helgi Vífill Júlíusson, Magdalena Anna Torfadóttir og Elíni Hirst.



HRINGBRAUT





Hannes Þór í löggúhasar á einum af þeim tuttugu dögum sem fóru í tókur myndarinnar í bullandi kófinu og samkomutakmörkunum. MYNDIR/ÁSENDAR

## Íslensk orka í ekta Hollywood-hasar

Íslenska hasarmyndin Leynilögga byrjar í bíó í dag með göðum meðbyr að utan. Leikstjórinn Hannes Þór Halldórsson lítur á viðtökurnar ytra sem bónus. Spennan sé mest hér heima enda hafi í upphafi verið lagt upp með að búa til bestu mögulega skemmtun fyrir íslenska bíógesti.

toti@frettabladid.is

Almennar sýningar á hasarmyndinni Leynilögga, sem landsliðsmarkvörðurinn fyrrverandi Hannes Þór Halldórsson leikstýrir, hefjast í dag. „Upphaflega pælingin var alltaf að gera bíómynd sem væri eins skemmtileg og mögulegt væri fyrir íslenska áhorfendur þannig að við erum búin að biða mjög spennt eftir því að geta loksins sýnt Íslendingum myndina,“ segir Hannes.

„Það er bara mjög mikill spenninngur. Við höfum fengið góðar viðtökur erlendis en það er í rauninni bara bónus, myndi ég segja vegna þess að það er hér á Íslandi sem myndin á heima.“

### Sagan mallaði í áratug

Sköpunarsaga Leynilöggu er orðin nokkuð löng en grunnhugmyndin varð til þegar Auðunn Blöndal og Sveppi kepptu í stíklugerð í sjónvarpsþætti sínum 2011. Þá fékk Auði Hannes Þór til liðs við sig og þeir gerðu treiler fyrir hasarmyndina Leynilöggu.

„Ég gerði treilerinn með Audda fyrir tíu árum síðan. Fólk hafði

### Leynilögga

Leynilöggan og harðhausinn Bússi er einn besti lögreglu maður Reykjavíkur. Málin flækjast þegar hann fær nýjan samstarfsfélaga, pankynhneigða heimsmanninn Hörð Bess. Bússi lendir í kjölfarið í mikilli innri baráttu á sama tíma og hann berst við hættulegustu glæpamenn landsins.

gaman af honum og hann varð vinsæll og þá vaknaði áhugi á því að gera myndina,“ segir Hannes sem settist þá þegar niður með Auða og Agli Einarssyni og þeir lögðu línur sögunnar sem varð síðar fullburða handrit.

„Það hoppaði síðan aðeins á milli og var einhvern veginn við það að daga uppi þegar ég kom heim úr atvinnumennsku fyrir tveimur til þremur árum og við ákváðum að setja þetta aftur af stað.“

### Ekki alveg bönnuð börnum

Leynilögga er sýnd í tveimur útgáfum. Þeirri upprunalegu sem er bönnuð innan sextán og mildari útgáfu sem fleiri geta séð. „Það var ekki þannig að við værum að reyna að gera aðra útgáfuna eitthvað grófarari og það var í rauninni ekkert fyrr en við áttuðum okkur á því að við værum með mynd sem er bönnuð innan 16 ára sem við förum að hugsa hvort við yrðum ekki að gera eitthvað í því.“



Vivian Ólafsdóttir sem leikur Stefaniu þjarmar hér að leikstjóranum.



Sveppi og Auði með athugulan aftursætisbílstjóra.

Niðurstaðan var að gera aðra mildari útgáfu enda eiga sumir leikaranna aðdáendur í yngri kantinum.

„Algjörlega og þessi mynd mun væntanlega ekki fara fram hjá mörgum og örugglega fellt af krökkum sem vilja sjá hana þannig að það gæti skapast óþægileg pressa á fullt af foreldrum um að hleypa krökkunum sínum á mynd sem er bönnuð innan sextán þannig að ég held að þetta sé mjög góður valkostur.“

### Næstum eins og í Hollywood

Leynilögga þykir ná útliti og áferð stórra Hollywood-hasarmynda glettilega vel þótt hún sé gerð fyrir smáaura í því stóra samhengi og Hannes segir að vissulega hafi þurft

að halda vel á spöðunum til þess að þetta gæti gengið upp að láta hana lita út eins og Hollywood-mynd.

„Það er auðvitað þannig að peningarnir sem við vorum að vinna með eru bara brota-, brota-, brotabrot af því sem er verið að vinna með úti þannig að það er dálítið áskorun að reyna að búa til hasarmynd sem stenst slíkum myndum snúning og ég er ekki að segja að við gerum það endilega á öllum sviðum en það eru ákveðnir hlutir sem hægt er að láta lita út á Íslandi og í Hollywood með einni myndavél.

Við reyndum að kreista hverja einustu krönu út úr því sem við höfðum og með vinnuframlagi og útsjónarsemi í vali á tókustöðum.

### Aðalhlutverk:

- Auðunn Blöndal – Bússi
- Egill Einarsson – Hörður
- Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir – Þorgerður
- Vivian Ólafsdóttir – Stefania
- Sverrir Þór Sverrisson – Klemenz
- Björn Hlynur Haraldsson – Rikki

Með klippingu, tónlist og öllum tækjum og tólum sem við höfðum úr að móða þá reyndum við að stækka myndina eins mikið og við mögulega gátum. Þannig að hún myndi einhvern veginn falla að því sem fólk er vant að sjá í svona bíómyndum.“

### Smitandi orka

Hannes segir mestu hafa munað um að allir sem komu að myndinni lögðu líf og sál í hana og þannig hafi tekist að búa til mynd sem lítur út fyrir að vera töluvert umfangsmeiri en hún kostaði.

„Það var alltaf gaman. Þetta var mjög erfitt á köflum og ótrúlega þéttir dagar og mikill hraði en það sem kom okkur í gegnum þetta var bara stemningin á setti. Það er auðvitað margt af skemmtilegasta fólki landsins sem var að vinna í þessari mynd. Síðan var líka frábær stemning fyrir aftan myndavélina og fólk hafði gaman að því sem við vorum að gera. Það kom okkur yfir erfiðu hjallana hversu skemmtilegt þetta var og mér finnst sú jákvæða orka vera að skila sér á tjaldíð,“ segir Hannes.

### Vaknað við nýjan veruleika

„Þetta er náttúrulega ákveðin vitleysa að einhverju leyti. Eða þú veist, þetta er bara hasar, bilaeltingaleikir og eitthvað svona við íslenskar aðstæður og fólk hefur mjög gaman af því,“ heldur Hannes áfram um myndina áður en hann er spurður hvað taki við nú þegar Leynilögga er komin alla leið.

„Það er góð spurning. Við erum í rauninni að vakna upp við nýjan veruleika með þessa mynd og að hún sé að ná lengra en við reiknuðum með. Við ætluðum ekkert að gera neitt meira en bara mynd sem fólk myndi hafa gaman af hérna á Íslandi.

En núna er hún vonandi að opna einhverjar dyr erlendis og ég ætla bara að skoða hvaða möguleikar koma á borðið til mín og reyna að taka góða ákvörðun varðandi næstu skref. En ég veit ekki alveg hver þau verða.“ ■

## Biluð skemmtun en ansi kunnugleg

### TÖLVULEIKIR

#### Far Cry 6

**Leikarar:** Giancarlo Esposito og Nisa Gunduz  
**Framleiðandi:** Ubisoft

odduraevan@frettabladid.is

Fyrstu persónu-skotleikurinn Far Cry 6 frá Ubisoft er bilað skemmtilegur leikur en þó ansi líkur forverunum fimm. Leikurinn gerist á eyjunni Yöru, sem er einhvers konar blanda af Kúbu og öðrum eyjum í Karíbahafinu.

Þar bregður spilarinn sér í hlutverk Dani og ræður hvers kyns persónan er enda skiptir takmark Dani höfuðmáli; að flýja eyjuna fögru þar sem einræðisherrann Antón Castillo ræður öllu. Sá er leikinn af engum öðrum en Giancarlo Esposito, sem virðist ætla að verða fastur til eilífðar í hlutverki illmennisins Gus Fring úr Breaking Bad-þáttun-

um. Áherslur Dani breytast þó fljótt þegar illvirki einræðisherrans koma betur í ljós.

Ubisoft hefur fyrir löngu tryggt að Far Cry eru meðal bestu sandkassaleikja okkar tíma og sjötta innslagið festir seríuna enn frekar í sessi. Spilarar gera sitt besta til að berjast gegn einræðisherranum hvort sem það er á landi, lofti eða á sjó í hinum ýmsu farartækjum.

Leikurinn er gjörsamlega gullfallegur og PS5 er hér farin að hnykla vöðvana ansi hreint myndarlega í grafíkdeildinni. Yara er svo gríðarlega stór, eiginlega alltof stór. Þannig að það er nóg að gera en verkefnin verða alltaf af mjög svipuðum toga og ganga út á að berjast við her einræðisherrans, eyðileggja loftvarnabyssur, drepa yfirmenn heraflans og svo framvegis og svo framvegis.

Sagan er samt temmilega áhuga-verð og þótt þetta sé svo til nánast sama formattið og í hinum leikjunum fimm er samt eitthvað sér-



Giancarlo Esposito virðist pikkfastur í hlutverki illmennisins í Breaking Bad sem að visu fer honum ákaflega vel í Far Cry 6.

staklega sjarmerandi við Giancarlo Esposito í hlutverki illmennisins. Þá heldur samband einræðisherrans við son sinn manni sérstaklega spennnum fyrir framan tölvuskjáinn.

Spilaranum er síðan gert kleift að

safna endalaust miklu af hlutum til að gera og græja byssurnar sínar og önnur vopn. Þetta er kunnuglegt stef í Ubisoft-leikjum en undirritaður er alltof latur til þess að nenna að standa í sliku. Auðveldast er að gúgla hvar bestu vopnin eru á risa-

stóra kortinu og finna þau þannig.

Það skal tekið fram að undirritaður spilaði ekki Far Cry 5. Hins vegar spilaði ég bæði þann þriðja og þann fjórða og það er óhætt að fullyrða að þessi sjötti er sá besti af þeim þremur. Hann er bæði stærri, flottari og svo virðist sagan ætla að verða töluvert áhugaverðari.

Þó má spyrja sig spurninga um Far Cry heiminn og hversu lengi spilarar munu setta sig við jafn keimlíka leiki, söguvið og spilun. Svárið við því er líklegast: Töluvert lengi, enda stendur Far Cry 6 þrátt fyrir allt við sitt og tryggir spilurum góða skemmtun. ■

**NIÐURSTAÐA:** Far Cry 6 er sá besti til þessa í seríunni. PS5 hnyklar vöðvana og leiksviðið, Yara, er bæði risastór og líka brjálæðislega falleg. Spurningin er hins vegar hvort þreyttum Far Cry-spilurum muni finnast leikurinn órlítið of kunnuglegur.





Sigurður Hrannar má teljast sannur alltmúligtmaður og mætir brattur til leiks í meistaraeildina.

MYND/ADSEND

## Fjölhæf fyrirsæta snýr sér að meistaratöktum í sjónvarpi

Fyrirsætunni Sigurði Hrannari er fát ofviða en hann hefur staðið í marki HK, leyst Mads Mikkelsen af í Star Wars og er að læra að setja í vél og þrifa klósett auk þess sem hann rataði nokkuð óvænt í sjónvarpssal hjá Viaplay þar sem hann stýrir útsendingum frá Meistaradeildinni.

odduaevar@frettabladid.is

Sigurður Hrannar Björnsson var við nám í Danmörku í vor þegar hann fékk „lýsingargigg“ hjá efnisveitunni Viaplay. Síðan má segja að hann hafi elt Viaplay til Íslands sem varð til þess að hann mun halda utan um útsendingar frá Meistaradeildinni.

„Þegar ég flyt svo aftur til Íslands er Viaplay nýkomið hingað þannig að ég spyr bara Hjörvar hvort ég geti ekki fengið að lýsa eitthvað hér heima,“ segir Sigurður Hrannar sem leitaði ekki síst til Hjörvars Hafliðasonar, íþróttastjóra Viaplay á Íslandi, þar sem lýsingarnar skila ágætis tekjum meðfram námi og þess háttar.

„Og hann í rauninni segir mér bara að hann vilji ekki hafa mig í lýsingunum heldur í stúdíóinu. Það er spurning hvort honum hefur bara ekki fundist ég góður lýsandi en ekki þorað að reka mig almennilega,“ segir Sigurður léttur áður en hann dregur í land. „Nei, ég segi bara svona.“

### Tveir traustir á kantinum

Viaplay og Sýn deila útsendingarréttinum frá Meistaradeild Evrópu á Íslandi og Sigurður Hrannar lofar veislu sín megin þar sem hann verður í setti í beinni útsendingu frá Danmörku með þá Rúrik Gíslason og Frey Alexandersson sér til halds og trausts. Sigurður hefur aldrei stýrt slíkum útsendingum áður og segist þakklátur fyrir félagana tvo.

„Ég er náttúrulega ekki með neina reynslu af svona þáttagerð, eða þáttastjórnendastarfinu, þannig að ég vissi ekkert hvað ég var að fara út í,“ segir Sigurður. „Við mætum þarna til Danmerkur í fyrsta gíggið og Daninn er náttúrulega svo skipulagður, sko.“

Það þarf allt að vera uppstrílað og eins og Hjörvar sagði þá er hann búinn að vinna í sjónvarpi árum saman og hann hafði aldrei séð annað eins skipulag og prófessjónalísma. Þannig að ég er að stíga beint inn í þetta umhverfi sem er



Sigurður Hrannar gerði sér lítið fyrir og gerðist staðgengill Mads Mikkelsen í Stjórnustriðsmyndinni Rogue One.

MYND/LUCASFILM



Svo fékk ég GPS-hnit og fylgdi þeim eitthvert upp á hálendið þangað til ég var bara kominn í Star Wars-grunnbúðirnar.

mjög ólíkt því íslenska. En það er bara frábært. Við viljum hafa þetta eins fagmannlegt og hægt er.“

### Lífir fyrir boltann og leiklistina

Sigurður segist aðspurður vera réttur maður á réttum stað í stúdíói Viaplay þar sem fótboltinn hefur verið hluti af lífi hans frá því hann man eftir sér.

„Ég kem úr mikilli Víkingsfjölskyldu og fótbolti hefur nánast bara verið umræðuefni við matarborðið hvert einasta kvöld frá því ég var litill og mér þykir mjög vænt um fótboltann,“ útskýrir hann.

Knattspyrnan á þó ekki hug Sigurðar allan og þar er einnig pláss fyrir leiklistina og hann hefur náð það langt á þeim velli að hann var á sínum tíma í hlutverki staðgengils dönsku stórstjórnunnar Mads Mikkelsen við tókur á Star Wars-myndinni Rogue One hér á landi.

### Á bílaleigubíl út í geim

„Það var svakalegt. Það var eitthvert sumarið, í júní, ég man ekki nákvæmlega hvaða ár sem mér hafði verið sagt að ég gæti mögu-

lega fengið mjög spennandi verkefni og ég ætti að taka lok ágúst frá. Ég mátti ekkert vita fyrir hvað það var eða neitt þannig,“ útskýrir Sigurður.

Síðan líður og biður og hann heyrir ekkert frekar af verkefninu fyrr en móðir hans bendir honum á að hann ætti fimmtán símtölum ósvarað í símanum. „Og þá er það bara frá teyminu í kringum myndina og ég fékk bara leiðbeiningar að fara niður á bílaleigu og fá bíl. Svo fékk ég GPS-hnit og fylgdi þeim eitthvert upp á hálendið þangað til ég var bara kominn í Star Wars-grunnbúðirnar.“

Það mætti halda að þú gætir allt. Er eitthvað sem þú getur ekki gert?

„Jú, jú, það er hellingur sem ég get ekki gert,“ segir Sigurður og skelli-hlær. „Ég er nýbyrjaður að læra að setja í vél og þrifa klósett og svona,“ segir hann glottandi.

### Markið sett hátt

Þegar talið berst aftur að jarðbundnara Viaplay-ævintýrinu segist Sigurður gríðarlega spennur fyrir vetrinum í stúdíóinu. „Við erum allir í stúdíóinu og allt teymið er ótrúlega spennu fyrir því sem er að gerast,“ segir Sigurður og bætir við að mannskapurinn sé mjög öflugur áður en hann telur upp; fótbolta-doktorinn Hjörvar Hafliða, Jóa Skúla, sem þekktur er fyrir podkastveituna Draumaliðið, Vilhjálm Siggeirsson próducent og boltakappana fyrrnefndu Rúrik og Frey.

„Þetta bara frábær hópur og ég hefði ekki getað óskað mér betri einstaklinga heldur en Freys og Rúriks til að hjálpa mér í gegnum fyrsta kvöldið. Það var mjög þægilegt að vinna með þeim og okkur langar að taka íslenskt sjónvarps-efni í kringum fótbolta upp á næsta „level“ og reyna að ná alþjóðlegum standard.“ ■

DORMA

Láttu drauminn ræstast



Við eigum afmæli og nú er veisla



AFMÆLIS 25% AFSLÁTTUR

### LICATA tungusófi

Tungusófi í tveimur litum af Kentucky áklæði, koniaksbrúnum og steingráum og einnig í River 66 Graphite áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir jarnfætur. Stærð: 265 x 165 x 82 cm.

fullt verð: 244.900 kr.

Aðeins 183.675 kr.



### BOSTON VIVA heilsurúm

160x200 eða 180x200 cm. Þau koma í tveimur gráum tönum; ljósum og dökkum. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er mjúk og þægileg yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring)

160 x 200 cm

Fullt verð: 279.900 kr.



AFMÆLIS 30% AFSLÁTTUR

Aðeins 195.930 kr.



AFMÆLIS 25% AFSLÁTTUR

### RIGA hægindastóll með skemli

Svart leður og krómfótur. Stíllanlegur. B82 x H106 cm

fullt verð: 199.900 kr.

Aðeins 149.925 kr.

Verð og vörupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda til 31. október 2021 eða á meðan birgðir endast.

www.DORMA.is

Holtagörðum, Reykjavík  
Smáratorgi, Kópavogi  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn ræstast

SKRÁÐU ÞIG Á  
PÓSTLISTANN

Fáðu blað dagsins  
sent rafrænt



FRÉTTABLAÐIÐ



## SIR ARNAR GAUTI

### LÍFSSTÍLSÞÁTTUR



3. ÞÁTTARÖÐ  
FIMMTUDAGA  
KL. 20:00

## SIR ARNAR GAUTI

Lífsstílsfrömuðurinn Arnar Gauti snýr aftur með sína þriðju þáttaröð af þessum geysivinsæla lífsstílsþætti.

Fylgstu með alla fimmtudaga kl. 20.00, bara á Hringbraut.



DINEOUT

HRINGBRAUT



Jón Steindór ætlaði að prufa að vera vegan í viku en síðan eru liðnir tíu mánuðir og hann hefur haldið sínu striki óbugaður enda aldrei liðið betur.

MYND/ADSEND

## Uppreisn varð til þess að Jón Steindór gerðist vegan

Jón Steindór Valdimarsson er horfinn af þingi um það bil tuttugu kílóum léttari eftir að hafa gerst vegan að áeggjan Uppreisnar, ungliðahreyfingar Viðreisnar. Hann hefur aðeins misstigið sig einu sinni á tíu mánuðum þegar hann gleypsti í sig Prins Póló af gáleysi.

totti@frettabladid.is

Jón Steindór Valdimarsson hverfur nú af Alþingi þar sem hann hefur setið fyrir Viðreisn í fimm ár. Hann hefur ekki farið leynt með að úrslit þingkosninganna voru honum vonbrigði en hefur þó aldrei liðið betur og rekur það til þess að hann hefur verið á vegan fæði í um það bil tíu mánuði.

„Ég er ekki viss um að ég rísi undir því að vera fullgildur vegan. Hitt er hins vegar rétt að ég hef verið á vegan fæði í tæpa tíu mánuði,“ segir Jón Steindór þegar hann er spurður út í nýja lífsstílinn sem segja má að hann hafi tekið upp á nokkuð pólitískum forsendum.

„Satt að segja gerðist það ekki að eigin frumkvæði heldur var kveikjan að því áskorun frá Uppreisn, sem er ungliðahreyfing Viðreisnar, á þáverandi þingflokk að gerast vegan í viku,“ segir Jón Steindór sem tók áskoruninni.

### Féll á Prins Póló

„Þetta var nú, satt að segja, nokkuð erfitt til að byrja með en ég er þrár og vildi ekki gefast upp. Að vikunni liðinni fór það svo að ég ákvað að halda áfram um einhvern tíma og nú eru að verða liðnir tíu mánuðir.“

Á þessari vegferð hef ég einu sinni farið út af sporinu þegar ég sporðrenndi einu Prins Póló á golfvöllinum í hugsunarleysi! Að öðru leyti hef ég ekki neytt dýraafurða af neinu tagi þennan tíma.“

Þingmaðurinn fyrrverandi er oft spurður hvort hann sakni ekki einhvers sem nú er forboðin fæða og hann neitar því ekki. „Auðvitað. Skeyr og rjómi, ís eða góð steik eru allt hlutir sem ég kann vel að meta, sem og góður fiskur. Ég hef hins vegar komist að því að mataræði er mikill vani og það er svo margt annað sem er gott en dýraafurðir. Nú fæ ég mér ólífur á milli mála og fæ mér oft heimager poppkorn á kvöldin í staðinn fyrir kex, osta eða sælgæti.“

### Margir hissa

Jón Steindór segir að þessi lífsstílsbreyting hjá 63 ára gömlum manni vekti víða furðu. „Það eru margir hissa á þessu uppátæki hjá mér og gera að mér góðlátlegt grín. Það eru helst karlar. Mér er nú slétt sama um það. Aðrir öfunda mig,“ segir Jón Steindór og bendir á það sem hann



Nú fæ ég mér ólífur á milli mála og fæ mér oft heimager poppkorn á kvöldin í staðinn fyrir kex, osta eða sælgæti.

kallar „skemmtileg hliðaráhrif“ hins breytta mataræðis.

„Þau eru að ég hef losnað við milli 15 og 20 kíló á þessum tíma og mátti vel við því. Allt hefur þetta leitt til þess að mér liður almennt betur. Þá held ég að það sé almennt skynsamlegt að draga úr neyslu dýraafurða út frá umhverfissjónarmiðum.“

Ég sé enga sérstaka ástæðu til þess að hætta á þessu mataræði þótt ég hafi ekki strengt nein heit í því samhengi og hef hvorki lofað mér né öðrum að vera á veganfæði til æviloka.“ ■

## Tónlistin talar fyrir Silju Rós

odduraevar@frettabladid.is

Tónlistarkonan Silja Rós gaf út sína aðra plötu um mánaðamótin, Stay Still. Platan er á Spotify og hefur fengið jákvæð viðbrögð.

Á plötunni færir Silja Rós sig yfir í heim RnB popp-tónlistar og sækir hún innblástur frá djass- og soul-tónlist. Í tilkynningu segir að tilfinningarík rödd hennar dragi hlustendur inn í hreinskilna texta sem eru í forgrunni í lögum hennar.

Silja segir vegferðina að baki plötunni mjög ólíka þeirri sem hún fór þegar hún samdi fyrstu plötuna sína, Silence.

„Lögin á Stay Still voru samin í Los Angeles 2018 yfir tveggja mánaða tímabil og ég byrjaði að vinna plötuna ári seinna,“ útskýrir Silja.

Á plötunni býður Silja hlustendum í ferðalag sjálfsástar. Silja steig meðal annars fram og ræddi upp-



Silja Rós er þekkt fyrir hreinskilna textasmíð sína og gefur nú út sína aðra plötu.

lifun sína á óheilbrigðu sambandi við útgáfu Reality.

„Síðustu mánuðir eru búnir að vera ansi sérstakir. Ég hélt að ég myndi eiga auðvelt með að taka slaginn eftir að hafa opnað á mína eigin sögu fyrr á árinu. En ef eitthvað er þá varð ég bara viðkvæmari fyrir umræðunni og triggeraðist

mikið,“ útskýrir Silja Rós. Tími sé kominn til að taka á slíkum málum.

„Þó svo að ég sé oft tilbúin að tala um sögurnar á bak við lögin mín finnst mér langbest að leyfa tónlistinni að tala fyrir sig og ætla að gera það í þetta skiptið. Fólk getur þá fundið sínar eigin tengingar við lögin.“ ■

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason [gustaf@torg.is](mailto:gustaf@torg.is). ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:

Auður Húnfjörð [audur@frettabladid.is](mailto:audur@frettabladid.is), Hjördis Zoëga [hjords@frettabladid.is](mailto:hjords@frettabladid.is), Hlynur Þór Steingrímsson [hlynur@frettabladid.is](mailto:hlynur@frettabladid.is), Reynir Elís Þorvaldsson [reynir@frettabladid.is](mailto:reynir@frettabladid.is), Jón Ívar Vilhelmsón [jonivar@frettabladid.is](mailto:jonivar@frettabladid.is), Örn Geirsson [orn@frettabladid.is](mailto:orn@frettabladid.is) FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon [arnar@frettabladid.is](mailto:arnar@frettabladid.is), Jóhann Waage [johannwaage@frettabladid.is](mailto:johannwaage@frettabladid.is), Jón Ívar Vilhelmsón [jonivar@frettabladid.is](mailto:jonivar@frettabladid.is), Ruth Bergsdóttir [ruth@frettabladid.is](mailto:ruth@frettabladid.is) FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir [elin@frettabladid.is](mailto:elin@frettabladid.is) RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrrann Helgason [hrrann@frettabladid.is](mailto:hrrann@frettabladid.is), TÍMAMÖTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)



# 30%

## AFSLÁTTUR

### MEÐ VILDARKORTI LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



DORMA



Flügger litir



VÍDD



**Húsgagnahöllin:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flügger:** 30% afsláttur af allri innimálingu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parki:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vídd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmiðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

**Jón og Gunna** eru ungt par sem keyptu sína fyrstu íbúð nýlega. Íbúðin þarfnaðist viðhalds og þeim vantaði ný húsgögn, rúm og gardínur.

Þau máluðu íbúðina, skiptu um gólfefni, tóku baðherbergið í gegn og skiptu um blöndunartæki.

MEÐ VILDARKORTINU SPÖRUÐU ÞAU:

**687.368 kr.**

**Jónína** er kona á besta aldri keypti nýja íbúð. Þar vantaði öll ljós, parket og gardínur. Einnig keypti hún nýjan sófa í Húsgagnahöllinni þar sem gamli sófinn var of stór.

Hún keypti allt sem hana vantaði, viðarparket, fallegar gardínur og screen, borðstofuborð, stóla og sófa.

MEÐ VILDARKORTINU SPARAÐI HÚN:

**458.978 kr.**

**Borgþór og Aníta** eru hjón um fimmtugt. Þau keyptu gamalt einbýlishús sem þarfnaðist yfirhalningar. Þau tóku húsið meira og minna í gegn, skiptu um öll gólfefni, endurnýjuðu tvö baðherbergi, spórtsluðu og máluðu allt húsið, settu granítborðplötur á eldhúsið og annað baðherbergið, skiptu út öllum gardínum og keyptu sér að lokum nýtt rafmagnsrúm í Betra bak.


MEÐ VILDARKORTINU SPÖRUÐU ÞAU:

**1.442.500 kr.**

**LIND**  
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 · Kópavogi  
s. 510 7900 · FASTLIND.is

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**



ÞEKKING OG REYNSLA · frittverdmat.is · nyjaribudir.is



## Bakþankar

Önnu Sigrúnar  
Baldursdóttir

## Geðveikt

Geðraskanir eru ýmiss konar og hafa fylgt mannkyninu frá örófi alda. Þeirra er meðal annars getið á pappírur Fornegypta og ástandi geðsjúkra er lýst í ritum Forngríkkja. Meðferð og viðhorf til geðraskana tengjast menningu samfélaga og eru líklega einn ágætasti mælikvarði á gæði þeirra, en talið er að allt að fjórðungur mannkyns glími við geðröskun einhvern tíma á ævinni.

Margar helstu persónur mannkynssögunnar hafa glímt við geðraskanir af ýmsu tagi. Hér má til dæmis nefna Abraham Lincoln, Winston Churchill og Martin Luther King Jr. sem allir voru þunglyndar frelsisheitjur, horfðust í augu við sjúkdóminn en voru drifnir áfram af krafti sannfæringar um mannlega reisn. Þeir deildu einnig algengu persónueinkenni þunglyndra; djúpri samkennd (e. empathy) með öðru fólki. Við eigum sannarlega nokkuð í land í meðferð geðraskana eins og raunar ýmsum öðrum heilbrigðisvandamálum, en síðustu áratugina hafa orðið stórstígar breytingar til batnaðar. Sömmuleiðis hefur yfirgnæfandi meirihluti samfélagsins náð betri skilningi á þessum sjúkdómum og fordómar minnkað. Þannig telja fæstir að skómm eða sérstakar starfshindranir eigi að fylgja geðsjúkdómi frekar en öðrum sjúkdómum, umfram það sem meðferð kann að krefjast.

Því miður hefur ekki sami meðferðarárangur náðst alls staðar. Þannig er til dæmis síðblinda ólæknanleg en hún er alvarleg persónuleikaröskun, sem hefur einnig fylgt mannkyninu lengi og er tíðnin talin vera 0,5-1%. Síðblinda einkennist af skorti á samúð og samkennd, sjálfhverfu og kaldlyndi. Greind síðblindra og félagslegir hæfileikar villa gjarnan um fyrir samferðafólki og því komast þeir oft til áhrifa í samfélaginu og hasla sér völl.

Síðblindir jata sig eðli máls samkvæmt aldrei sem slíka. ■

  
*Sterkari saman í sátt við umhverfið*

  
**LITRÓF**

GuðjónÓ | Prenttækni

**UMHVERFISVÆN PRENTUN**

Vatnagördum 14 · 104 Reykjavík  
litrof@litrof.is · 563 6000



## Loksins vetur